# FRÉTTABLAÐIÐ

36. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 12. FEBRÚAR 2018




Aftakaveður, eða svokallað appelsínugult veður, gekk yfir höfuðborgarsvæðið í gær. Veðurofsinn var mikill víðast hvar um landið. Dagurinn gekk þó stórafallalaust fyrir sig í borginni. Svo virðist sem borgarbúar hafi tekið því rólega innandyra. Þessi fallegi silfurmáfur lét sér fátt um finnast, enda öllu vanur, er hann flaug yfir öldurótinu við Grandatorg. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Kaupa ekki í Arion banka fyrir útboð

**Lífeyrissjóðir slitu viðræðum við Kaupþing í lok síðustu viku. Á annan tug lífeyrissjóða hafði áður lýst yfir áhuga á að kaupa samanlagt tæplega tíu prósenta hlut í Arion banka. Horfa frekar til þess að kaupa í bankanum við útboð. Áhættuminna að kaupa hlut í útboði.**

**VIÐSKIPTI** Ekkert verður af kaupum íslenskra lífeyrissjóða á hlut í Arion banka fyrir útboð og skráningu bankans síðar á árinu. Hafa allir sjóðirnir, en tólf þeirra höfðu samþykkt að fara í óskuldbindandi viðræður við Kaupþing um kaup á tæplega tíu prósenta hlut, tekið ákvörðun um að fjárfesta ekki í bankanum áður en ársuppgjör hans verður birt næstkomandi miðvikudag, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Þetta varð ljóst undir lok síðustu viku þegar fyrir lá að enginn af fjórum stærstu lífeyrissjóðum landsins – LSR, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Gildi og Birta – ætlaði að kaupa í bankanum á þessu stigi. Aðrir sjóðir, meðal annars Frjálsi lífeyrissjóðurinn, ákváðu því einnig að draga sig út úr viðræðunum við Kaupþing, en það er Kvika banki sem er ráðgjafi félagsins í söluferlinu, enda var aðkoma helstu tveggja af stærstu lífeyrissjóðunum talin nauðsynleg ættu kaupin að geta gengið eftir.

Lífeyrissjóðirnir eru sagðir, að sögn þeirra sem þekkja vel til, hafa metið það sem svo að skynsamlegra væri – og áhættuminna – að skoða fremur kaup á hlut í bankanum í fyrirhuguðu útboði enda þótt verðið kynni þá að reynast eitthvað hærra. Enn er því haldið opnu að tryggingafélög og verðbréfasjóðir kaupi mögulega lítinn hlut í bankanum á grundvelli fyrirliggjandi tilboðs Kaupþings sem gerir ráð fyrir verði sem er rétt yfir genginu 0,8 miðað við eigið fé Arion banka í lok þriðja ársfjórðungs 2017.

Samkvæmt svörum sem Kaupþingi bárust frá sjóðunum föstudaginn 2. febrúar lýstu á annan tug sjóða áhuga á að kaupa samanlagt nærri 10 prósenta hlut. Stjórn Gildis samþykkti þannig að fara í viðræður um kaup á talsverðum hlut í Arion, þó með þeim skilyrðum að ekki yrði fallist á tilboð Kaupþings óbreytt, og þá vildi LSR skoða málið frekar. Að lokum ákváðu sjóðirnir, rétt eins og Birta og Lífeyrissjóður verslunarmanna, að slíta viðræðunum.

hordur@frettabladid.is

## Sigríður skilar skömminni

**SAMFÉLG** „Ég er hætt að bera ábyrgð á þessu ofbeldi, svo ég ákvað að henda því bara frá mér. Þetta er ekki minn kross að bera.“ Þetta segir Sigríður Hjálmarsdóttir sem var barnungri nauðgað af skólabróður sínum í bakgarði lögreglustöðvarinnar á Sauðárkróki.

Fjölmörgum árum síðar var henni byrlað ólyfjan og henni nauðgað af tveimur mönnum.

„#MeToo-byltingin þrengir ekki bara að ofbeldismönnum heldur líka að okkur sem verðum fyrir þeim,“ segir Sigríður í samtali við Fréttablaðið. „Sögurnar þrýstast upp á yfirborðið og þær eru allsstaðar.“

Innblásin af þessari miklu byltingu vill Sigríður nú skila skömminni. – áhg / sjá síðu 6

## Hýsti tvo fasta ferðamenn

**SAMFÉLAG** Viðar Guðmundsson, bóndi í Miðhúsum í Kollafirði, hefur hýst tvo kínverska ferðamenn frá því á laugardaginn. Þau festu bíl sinn og hefur verið ófært síðan.

„Þau eru áhugasöm um Ísland og eru búin að koma með okkur í fjárhúsin og hafa fengið að fræðast um eitt og annað tengt landinu,“ segir Viðar en hann býst við því að ferðamennirnir komist leiðar sinnar í dag. – þea / sjá síðu 2

> **Þau eru alveg afskaplega ánægð með það að hafa lent í einhverju svona lókal.**
>
> Viðar Guðmundsson bóndi

## Fréttablaðið í dag

Halldór




**SKOÐUN** Pawel Bartoszek þakkar Stellu Blómkvist fyrir að hafa gert strætó loks kúl. 9

**SPORT** Carlos Carvalhal hefur snúið gengi Swansea við. 11

**LÍFIÐ** Tvíburasysturnar Hrefna Ósk og Elín Hrönn Jónsdætur eru aldrei langt frá hvor annarri. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● FÓLK ● FASTEIGNIR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Suðlæg átt, 5-13 m/s með éljum á morgun, en bjart norðan og austan til. Kólnar í veðri, frost 2 til 12 stig um kvöldið, kaldast í innsveitum.
SJÁ SÍÐU 16



**Veðrið hefur oft verið betra.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Lokanir og árekstrar í óveðrinu

**VEÐUR** Óveður gekk yfir landið í gær og voru vegir víða lokaðir. Gular og appelsínugular viðvaranir veðurstofu voru í gildi fyrir stóran hluta lands í allan gærdag en í dag er gul viðvörun í gildi fyrir Suðausturland frá og með klukkan 20 og á Austfjörðum frá og með klukkan 22.

Vegir voru víða lokaðir og lögregla og björgunarsveitafólk á fullu. Til að mynda voru Hellisheiði, Biskupstungnabraut, Mosfellsheiði og Öxnadalsheiði lokaðar, svo fátt eitt sé talið. Davíð Már Bjarnason, upplýsingafulltrúi Landsbjargar, sagði við Fréttablaðið í gær að tilfelli hafi komið upp þar sem fólk virti ekki lokanir. Það hafi skapað hættu.

Fjöldahjálparmiðstöðvar voru einnig vel sóttar. Í gær voru um fimmtíu í fjöldahjálparmiðstöð Rauða krossins í Klébergsskóla á Kjalarnesi þegar mest var. „Það var slatti af fólki sem varveðurteppt því allt er búið að vera lokað, það varð úr að við opnuðum þarna,“ sagði Brynhildur Bolladóttir upplýsingafulltrúi Rauða krossins, við Fréttablaðið í gær.

Á suðvesturhorni landsins þurfti að loka bæði Kringlumýrarbraut og Reykjanesbraut vegna átta bíla árekstra. Ein þeirra sem sat föst í bíl sínum á Kringlumýrarbraut sagði fólk rólegt þrátt fyrir langa bið og fegið að ekki hafi verið um alvarlegra slys að ræða. **– þea**

## Skærasta stjarnan



Frægðarsól Kim Yo Jong, systur norðurkóreska einræðisherrans Kim Jong-un, hefur risið hátt og hratt undanfarna daga. Kim er í sendinefnd Norður-Kóreu á Vetrarólympíuleikunum sem nú fara fram í Pyeongchang í Suður-Kóreu. Hefur hún meðal annars fundað með Moon Jae-in, forseta Suður-Kóreu. Hér sjást þau ræða málin á tónleikum með norðurkóresku Samjiyon-sinfóníuhljómsveitinni í þjóðleikhúsi Suður-Kóreu. NORDICPHOTOS/AFP

# Hrapaði með 71 innanborðs

**RÚSSLAND** Farþegaflugvél Saratov Airlines hrapaði skammt frá rússneska bænum Argunovo, suðaustur af Moskvu, í gær með 71 innanborðs. Talið er að allir hafi farist í slysinu. 65 farþegar voru um borð í vélinni auk sex manna áhafnar. Eitt barn og tveir táningar voru á meðal farþega.

Flugvélin hvarf af ratsjám stuttu eftir flugtak en hún var á leiðinni til borgarinnar Orsk í Úralfjöllum, nærri landamærunum við Kasakstan. Í tísti frá Flightradar24 segir að flughæð vélarinnar hafi lækkað um kílómetra á mínútu einungis fimm mínútum eftir flugtak.

Vitni sögðu vélina hafa verið alelda þegar hún hrapaði. Rannsakendur skoða nú hvort veður, mannleg mistök og tæknibilanir hafi valdið slysinu. Ekki er talið að um hryðjuverk sé að ræða. **– þea**

# Sýndi tveimur föstum Kínverjum sveitina og gaf þeim síðan í nefið

**Viðar Guðmundsson í Miðhúsum í Kollafirði fann tvo kínverska ferðamenn sem fest höfðu bíl sinn skammt frá bænum. Hann bauð þeim heim til sín, tók með í fjárhúsin, gaf í nefið og leyfði þeim svo að gista. Ferðamennirnir eru afar ánægðir með ævintýrið og halda áfram för sinni í dag ef veður leyfir.**

**SAMFÉLAG** Drjúgur hluti landsmanna hélt sig innandyra í gær enda lítið hægt að vera á ferðinni sökum veðurs. Það gilti líka um þá tvo kínversku ferðamenn sem Viðar Guðmundsson, bóndi í Miðhúsum í Kollafirði, hefur hýst frá því á laugardaginn.

„Við fundum þau hérna þar sem bíllinn þeirra hafði farið út af. Þau voru að bíða eftir dráttarbíl,“ segir Viðar.

Ljóst var að mati Viðars að þau væru ekki að fara neitt áfram á bílnum sem þau voru á. Til þess hafi færðin verið allt of þung.

Miðhúsamenn brugðu þá á það ráð að bjóða ferðamönnunum heim með sér til að bíða storminn af sér. „Þau eru hér enn. Það er allt ófært,“ segir Viðar en Fréttablaðið náði af honum tali í gærkvöldi. Býst Viðar við því að ferðamennirnir komist í burtu í dag enda hvorki færð né ferðaveður í gær.

Ekki var boðlegt að ferðamennirnir sætu bara og létu sér leiðast. „Þau eru áhugasöm um Ísland og eru búin að koma með okkur í fjárhúsin og hafa fengið að fræðast um eitt og annað tengt landinu. Svo hafa þau fengið í nefið og gert ýmislegt annað sem allir þurfa að gera sem hingað koma,“ segir Viðar.

Að sögn Viðars eru ferðamennirnir ánægðir með ævintýrið.

„Þau eru afskaplega ánægð með að hafa lent í einhverju svona lókal.



**Ferðamennirnir tveir, sáttir við matarborðið.** MYND/VIÐAR

> Þau eru áhugasöm um Ísland og eru búin að koma með okkur í fjárhúsin og hafa fengið að fræðast um eitt og annað tengt landinu.
>
> Viðar Guðmundsson bóndi



Hann sagði, maðurinn, að hann hefði komið á sama tíma í fyrra. Þá var ekki snjókorn að sjá,“ segir Viðar.

Hann bætir því við að karlmaðurinn kínverski hafi því verið að vonast eftir því, eftir snjólausa síðustu ferð sína, að hann fengi að sjá smá snjó í þetta skiptið.

„En núna er hann á því að hann sé búinn að fá að sjá alveg nóg af snjó,“ segir Viðar enn fremur.

**thorgnyr@frettabladid.is**

Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar

LED rakaþétt ljós



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM




TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

## Hybrid – 50% rafdrifinn

Toyota C-HR er fínslípaður demantur sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir aksturseiginleikar ásamt háþróuðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Þrír í gæsluvarðhaldi eftir kókaínsmygl


Mennirnir þrír hafa verið í gæsluvarðhaldi í viku. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**LÖGREGLUMÁL** Tollgæsla lagði hald á eitt kíló af kókaíni eftir að efnið fannst við eftirlit föstudaginn 2. febrúar síðastliðinn. Í framhaldinu voru þrír menn handteknir og færðir í gæsluvarðhald. Þetta staðfestir Margeir Sveinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, í samtali við Fréttablaðið.

Mennirnir þrír sem um ræðir eru íslenskir ríkisborgarar. Þeir hafa verið í gæsluvarðhaldi í rúma viku, eða allt frá því helgina eftir að efnið fannst. Þeir munu sitja áfram í gæsluvarðhaldi í eina viku til viðbótar. Lögregla vill ekki tjá sig að öðru leyti um málið eða um hvernig efnið var flutt inn. Málið sé nú í rannsókn.



Samkvæmt mælingum SÁÁ er götuverð á grammi af kókaíni um sextán þúsund krónur. Má því reikna með að heildarvirði hins innflutta kókaíns, sem lagt var hald á, væri um sextán milljónir króna ef efninu væri komið í verð. – þea


Róhingjar á flótta. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hyggjast refsa sextán fyrir Róhingjamorð

**MJANMAR** Yfirvöld í Mjanmar ætla að refsa sjö hermönnum, þremur lögreglumönnum og sex almennum borgurum sem voru viðriðnir dráp á Róhingjum í Rakhine-héraði. Frá þessu greindi Zaw Htay, talsmaður ríkisstjórnarinnar, í gær en sagði ákvörðunina ótengda umfjöllun Reuters um málið.

Reuters greindi fyrir helgi frá því þegar tíu Róhingjar voru teknir af lífi án dóms og laga í smábænum Inn Din. Sagði Htay þá við miðilinn að gripið yrði til aðgerða ef umfjöllunin reyndist á rökum reist.

„Þetta er ekki út af frétt Reuters. Rannsóknin var vel á veg komin áður en fréttin birtist,“ sagði Htay í gær. Hann greindi þó ekki frá því hvað fælist í refsingunni.

Í frétt Reuters í gær kom fram að þann 10. janúar hafi herinn sagt Róhingjana tíu hafa tilheyrt 200 manna hryðjuverkasellu sem ráðist hefði á hermenn. Hins vegar stangist sú frásögn á við vitnisburð almennra borgara í Rakhine sem voru vitni að morðunum.

Nærri 700.000 Róhingjar hafa flúið Rakhine-hérað frá því í ágúst og farið til Bangladess. Samkomulag hefur náðst um að senda flóttamennina til baka á árinu. Aðgerðir hersins í Rakhine hafa ýmist verið kallaðar þjóðernishreinsanir eða þjóðarmorð. – þea

# Húnaþing vildi halda varnarlínu

**LANDBÚNAÐUR** Ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins um að leggja niður varnarlínu vegna sauðfjársjúkdóma sem dregin hefur verið um Blöndu er harðlega gagnrýnd af landbúnaðarráði Húnaþings vestra.

„Það eru undarleg vinnubrögð að gengið hafi verið gegn tillögum starfshóps sem var skipaður af ráðuneytinu sjálfu,“ segir ráðið. „Ekki hefur komið upp riða í Húnahólfi síðan 2007. Í Skagahólfi kom riða upp síðast 2016. Þarna munar nærri tíu árum og verður að teljast óeðlilegt að slíkt kallist sama sjúkdómastaða.“ Ráðið bendir á starfshópurinn hafi lagt til að Blöndulína yrði áfram varnarlína. – gar

# Óábyrgt að búast við lengsta hagvaxtartíma

**Að mati SA þarf að tryggja þarf aukinn afgang ríkissjóðs á meðan gott er í ári til að skapa svigrúm þegar halla fer undan fæti. Vísbendingar séu um að það sé að hægjast á hagkerfinu. Lítið þurfi út af að bregða til að afgangurinn verði minni.**


Þrjár fjármálaáætlanir hafa verið lagðar fyrir þingið á jafnmörgum árum. Samtök atvinnulífsins telja margt athugavert í þeirri nýjustu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**ALÞINGI** Samtök atvinnulífsins (SA) telja gert ráð fyrir of litlum rekstrarafgangi í nýrri fjármálastefnu sem liggur fyrir á Alþingi. Að auki setja samtökin út á hve löngu hagvaxtarskeiði er búist við í stefnunni og að ekki séu dregnar upp aðrar mögulegar sviðsmyndir. Þetta er meðal þess sem segir í umsögn SA um fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar.

„Þetta er þriðja fjármálastefnan á jafnmörgum árum. Í raun er ekki mikil breyting frá fyrri stefnum og það sem einkennir þær allar er að gengið er út frá þeirri forsendu að hér verði eitt lengsta hagvaxtarskeiði sem við höfum upplifað í áratugi. “ segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA.

Í stefnunni er gert ráð fyrir því að hagvöxtur haldi áfram til ársins 2022 en það myndi þýða að hagvaxtartímabilið nú teygði sig yfir ellefu ár. Almennt þá hafa hagvaxtarskeið á Íslandi varað í sex til sjö ár.

Undanfarnar vikur hefur hagkerfið sýnt viss merki þess að hjól hagkerfisins snúist aðeins hægar en áður. Hækkandi launakostnaður hefur haft áhrif hjá mörgum fyrirtækjum og spár nú gera ráð fyrir minni hagvexti en undanfarin ár.

„Það eru vísbendingar um að hér sé að hægja mjög hratt á hagkerfinu. Sé hagvöxturinn settur í samhengi við hinn agnarsmáa afgang sem gert er ráð fyrir þá má lítið út af bregða áður en við erum í hallarekstri.“

Í umsögn SA eru settar fram sviðsmyndir sem sýna afkomu ríkissjóðs með tilliti til mismunandi hagvaxtarforsendna. Verði hann til að mynda prósentustigi minni en stefnan gerir ráð fyrir má áætla að afgangur verði helmingi minni.


Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA.

„Það er mikilvægt að aðhalds sé gætt á tímum uppgangs. Það er óábyrg stefna að búa ekki betur í haginn því það mun margborga sig þegar harðnar á dalnum. Fjármálastefnan nú gerir meira að segja ráð fyrir minni afgangi en sú fyrri sem er gagnrýnivert,“ segir Ásdís.

Hún segir einnig gagnrýnivert hversu lítil áhersla sé lögð á að draga úr umsvifum hins opinbera þó þau séu ein þau mestu meðal OECD. Ísland sé háskattaríki og stjórnvöld verði að skapa svigrúm til að lækka skatta.

„Aukin útgjöld eru ekki ávísun á betri þjónustu. Það skiptir auðvitað máli hvernig er farið með skattfé landsmanna. Illa nýtt skattfé er ekkert annað en sóun á fjármagni og miður að sjá stjórnmálamenn kalla sífellt eftir auknum útgjöldum en gleyma eftirfylgninni. Það er eitt af því sem við köllum eftir í væntanlegri fjármálaáætlun,“ segir Ásdís.

Þá setur SA út á útfærslu á reglum um opinber fjármál. Telja þau gagnrýnivert að stjórnvöld horfa til leiðrétti ekki fyrir hagsveiflunni. „Í núverandi mynd tryggir afkomureglan ekki það aðhald sem þarf á tímum uppgangs,“ segir Ásdís. joli@frettabladid.is

FIAT

SÉRTILBOÐ Á FIAT 500

400.000 KR. AFSLÁTTUR
INNIFALIÐ
VETRAR- OG SUMARDEKK
ÞJÓNUSTUSKOÐUN* Í 2 ÁR



FIAT 500 POP
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.990.000 KR.
VERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.

STAÐALBÚNAÐUR:
Loftkæling, snertiskjár, 15" álfelgur, bluetooth, aksturstölva, bakkskynjarar ofl.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

*Miðast við hámarksakstur 15.000 km á ári. Takmarkað magn bíla í boði. Bíll á mynd í Lounge útfærslu.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Fiat - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.fiat.is - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FULLELDAÐ
Aðeins að hita

Gott á
BOLLU
DAGINN

Ljúffengar
RJÓMABOLLUR




998
kr. 1 kg

1kg

**Stjörnugrís Steiktar Hakkbollur**
Fulleldaðar, 1 kg




498
kr. 2 stk.

**Bónus Rjómabollur**
2 stk. vatnsdeigsrjómabollur

Gott á
SPRENGI
DAGINN




998
kr. kg

**SS Lambasaltkjöt**
Blandað

BITAR ÚR
FRAMHRYGG




1.698
kr. kg

**SS Lambasaltkjöt**
Valið




45%
minna salt
sama bragð

1.098
kr. kg

**Íslandslamb Saltkjöt**
Saltskert, blandað



Ómissandi í
BAUNASÚPUNA




398
kr. 500 g

**Bónus Beikonkurl**
Íslenskt, 500 g




398
kr. 1 l

**Katla Baunasúpa**
Tilbúinn grunnur, 1 lítri



295
kr. kg

**Rófur**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VALITOR

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **18. febrúar** eða meðan birgðir endast.

# Átta mánaða fangelsi fyrir manndráp af gáleysi á Öxnadalsheiði

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri var fyrir viku í Héraðsdómi Norðurlands eystra dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir manndráp af gáleysi. Sex mánuðir refsingarinnar eru bundnir almennu skilorði til tveggja ára.

Maðurinn ók ónothæfri bifreið ökuréttindalaus á ofsahraða, allt að 162 km/klst., á Öxnadalsheiði í júní 2016. Við tilraun til framúraksturs ók hann aftan á aðra bifreið sem kastaðist í veg fyrir rútu sem kom úr gagnstæðri átt. Ökumaður bifreiðarinnar sem ekið var aftan á lést nær samstundis og farþegi í rútunni slasaðist.

Í skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa (RNSA) um slysið var kallað eftir því að skipaður yrði starfshópur sem myndi gera tillögur um breytingar á lagaumhverfi sem snýr að áfengis- og/eða vímuakstri. Sú tillaga er ítrekun úr skýrslu nefndarinnar vegna banaslyss sem varð árið 2012 í Hrútafirði.

> Maðurinn var ekki með ökuréttindi, ók ónothæfri bifreið, og varð valdur að dauða annars ökumanns.

Hinn sakfelldi kom fyrir dóm og játaði sök. Hann á að baki langan sakaferil og hefur frá árinu 2013 ítrekað verið sektaður fyrir vímuefnaakstur og sviptur ökurétti af sömu sökum. Auk refsingarinnar var hann sviptur ökuréttindum frá og með 1. september 2019 í eitt ár en þann 31. ágúst 2019 rennur núverandi ökuréttindasvipting hans sitt skeið.

Þá var maðurinn dæmdur til að greiða laun og útlagðan kostnað verjanda síns, tæplega 1,3 milljónir króna. Annar kostnaður sem hlaust af umfangsmikilli rannsókn málsins greiðist hins vegar úr ríkissjóði.

Athygli vekur að málið var dómtekið 3. nóvember á síðasta ári og játaði maðurinn sök strax. Dómur var hins vegar ekki kveðinn upp fyrr en 5. febrúar síðastliðinn. Í dómsorði er þess ekki getið hví dómsuppsaga dróst með þessum hætti. **– jóe**

## Samstarf við Suður-Kóreu

**MENNTAMÁL** Menntamálaráðherrar Íslands og Suður-Kóreu ákváðu á fundi í Seúl í gær að hefja samstarf á milli ráðuneytanna „með það að leiðarljósi að efla menntun, rannsóknir og þróun“. Lýstu ráðherrarnir jafnframt yfir vilja til að auka samstarf um skiptinám enn frekar.

„Stjórnvöld leggja mikla áherslu á samkeppnishæft starfsumhverfi fyrir kennara. Að auki er mikil símenntun hjá kennurum sem tekur mið af þeim hröðu tæknibreytingum sem eru að eiga sér stað,“ sagði Kim Sang-Kon, menntamálaráðherra Suður-Kóreu, á fundinum.

„Það er mikilvægt að styrkja alla umgjörð í kringum kennarastarfið og fara í markvissar aðgerðir til að takast á við þann mikla kennaraskort sem blasir við að öðru óbreyttu,“ segir Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra. **– þea**



**Lilja Alfreðsdóttir.**

## Stöðva á þjófana við landamærin

**SVÍÞJÓÐ** Koma á upp sjálfvirku eftirliti við landamæri Svíþjóðar til að stöðva þjófagengi sem koma til landsins. Þetta er meðal þeirra aðgerða sem Morgan Johansson dómsmálaráðherra hefur kynnt.

Flest gengin eru með bækistöðvar í Litháen, Rúmeníu og Póllandi. Vitað sé að þau herji einkum í Þýskalandi, Bretlandi og í Svíþjóð.

Lágmarksrefsing fyrir stuld á að vera eins árs fangelsi í stað sex mánaða fangelsis eins og nú. Það hefur í för með sér að auðveldara verður að vísa dæmdum úr landi. Lagt er til að fleiri dæmdir verði látnir afplána í heimalöndum sínum. **- ibs**

# Var nauðgað af skólabróður sínum bakvið lögreglustöðina

**Sigríður Hjálmarsdóttir rifjar upp sára reynslu þar sem að hún segir frá hræðilegum nauðgunum sem hún varð tvívegis fyrir. Sækir innblástur í #metoo-byltinguna. „Þessi bylting skiptir máli,“ segir Sigríður sem vill skila skömminni. „Ég er hætt að bera ábyrgð á þessu ofbeldi. Þetta er ekki minn kross að bera.“**



**Sigríður Hjálmarsdóttir stígur fram og vill skila skömminni. Hún hefur fengið mikil viðbrögð.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**SAMFÉLAG** Máttur #meetoo byltingarinnar er mikill. Fjöldi þolenda ofbeldis hafa stigið fram og sagt sögur sínar. Sigríður Hjálmarsdóttir er ein þeirra fjölmörgu kvenna sem hafa þolað kynferðisofbeldi og það oftar en einu sinni.

Barnungri var henni nauðgað af skólabróður sínum í bakgarði lögreglustöðvarinnar á Sauðárkróki. Fjölmörgum árum síðar, þá fullorðin kona var henni byrluð ólyfjan og henni nauðgað af tveimur mönnum. Sigríður tók ákvörðun um að segja frá reynslu sinni og birti frásögnina á Facebook síðu sinni. Viðbrögðin hafa verið gífurleg og komu henni virkilega á óvart.

„Fyrst þegar #metoo sögurnar voru að koma fram þá fann ég fyrir óþoli. Sögurnar rótuðu í mér og ýfðu upp gamlar minningar, vondar minningar. #metoo byltingin þrengir ekki bara að ofbeldismönnunum heldur líka að okkur sem verðum fyrir þeim. Sögurnar þrýstast upp á yfirborðið og þær eru alls staðar. Í öllum fjölmiðlum, á kaffistofum og víðar svo engin leið er að komast hjá þeim. Ég skrifaði þennan texta um miðjan janúar en birti hann síðastliðinn föstudag. Maðurinn minn las þetta yfir og sagði að þó að ég hefði sagt honum frá þessu þá hafi hann í gegnum textann enn frekar upplifað hversu mikið ofbeldi þetta hefði verið.“

Viðbrögðin við sögunum urðu önnur og meiri en Sigríður gerði sér í hugarlund. „Þegar ég setti þetta fram þá hugsaði ég: „Hvað er ég nú búin að gera? Hugsar fólk kannski bara með sér; hvað er hún að vilja upp á dekk? En það er ekki það sem gerðist. Ég hef fengið fullt af símtölum og skilaboðum, ég hélt að kannski myndi ég bara fá eitt læk en það var aldeilis ekki. Ég hef verið í hálfgerðri geðshræringu síðan og er svo þakklát fyrir viðbrögðin og stuðninginn. Fjölskyldan mín og maðurinn minn eru á bak við mig alla leið. Þessi bylting skiptir máli og allir þeir sem „skemmta sér“ kannski bara í tíu mínútur á

> Þetta er ekki minn kross að bera.
>
> Sigríður Hjálmarsdóttir

þennan hátt, á kostnað annarrar manneskju, gera sér kannski ekki grein fyrir ævilöngum hryllilegum afleiðingum sem þetta hefur á líf þeirra sem fyrir verða. Ég á oft erfitt með að fara norður á Krókinn því þar eru margar minningar sem hellast yfir. Ég er hætt að bera ábyrgð á þessu ofbeldi svo ég ákvað að henda því bara frá mér. Þetta er ekki minn kross að bera.“

Frásögn Sigríðar má lesa í heild sinni á vef Fréttablaðsins www.frettabladid.is

**asta@frettabladid.is**


60+

Fræðslufundur
um rétt til ellilífeyris

í BSRB-salnum, Grettisgötu 89
miðvikudaginn 14. febrúar kl. 15.00.

Farið verður yfir lög um almannatryggingar m.a. tekjutengingar og frítekjumörk.

Skráning á tr.is.

TR

Tryggingastofnun
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is

PIPAR\TBWA – SÍA

# SPRENGIDAGSVIKA

## Tilboð á völdum notuðum bílum.

Tilboðin gilda frá 12. - 17. febrúar.
Skoðaðu úrvalið á notadir.is/tilbodsbilar



Boðið verður upp á bolludagsbollur í tilefni dagsins á meðan birgðir endast.

-460.000 kr.



### VW Touareg
Árgerð 2007, ekinn 141 þús. km, bensín, 3597 cc, 281 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð áður 1.750.000 kr.
**Verð nú 1.290.000 kr.**
Raðnúmer: 310747

-530.000 kr.



### VW Tiguan Sport Style
Árgerð 2014, ekinn 80 þús. km, dísil, 1968 cc, 140 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð áður 2.780.000 kr.
**Verð nú 2.250.000 kr.**
Raðnúmer: 320564

-500.000 kr.



### Kia Sorento Classic
Árgerð 2014, ekinn 75 þús. km, dísil, 2199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð áður 4.450.000 kr.
**Verð nú 3.950.000 kr.**
Raðnúmer: 320739

-1.000.000 kr.



### Maserati Ghibli
Árgerð 2015, ekinn 35 þús. km, dísil, 2987 cc, 275 hö, sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.
Verð áður 8.490.000 kr.
**Verð nú 7.490.000 kr.**
Raðnúmer: 340565



### Kia Picanto LX
Árgerð 2016, ekinn 22 þús. km, bensín, 998 cc, 66 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Verð áður 1.490.000 kr.
**Verð nú 1.290.000 kr.**
Raðnúmer: 320627



### Peugeot 3008
Árgerð 2014, ekinn 27 þús. km, dísil, 1560 cc, 115 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Verð áður 2.750.000 kr.
**Verð nú 2.290.000 kr.**
Raðnúmer: 290860



### Ford Mondeo Trend Wagon
Árgerð 2011, ekinn 112 þús. km, dísil, 1560 cc, 116 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Verð áður 1.590.000 kr.
**Verð nú 1.190.000 kr.**
Raðnúmer: 992220



### Kia Sportage EX
Árgerð 2015, ekinn 103 þús. km, dísil, 1995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn
Verð áður 3.390.000 kr.
**Verð nú 2.990.000 kr.**
Raðnúmer: 291432



### Subaru Legacy
Árgerð 2016, ekinn 109 þús. km, dísil, 1998 cc, 150 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð áður 3.990.000 kr.
**Verð nú 3.550.000 kr.**
Raðnúmer: 992445



### Suzuki Grand Vitara
Árgerð 2011, ekinn 126 þús. km, bensín, 2393 cc, 169 hö, beinskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð áður 1.890.000 kr.
**Verð nú 1.550.000 kr.**
Raðnúmer: 992294



### Kia Sportage EX
Árgerð 2016, ekinn 25 þús. km, dísil, 1685 cc, 116 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Verð áður 3.490.000 kr.
**Verð nú 3.150.000 kr.**
Raðnúmer: 992730



### Skoda Yeti
Árgerð 2016, ekinn 43 þús. km, dísil, 1968 cc, 150 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð áður 3.590.000 kr.
**Verð nú 3.150.000 kr.**
Raðnúmer: 340209



### Kia Sportage EX
Árgerð 2017, ekinn 49 þús. km, dísil, 1995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð áður 4.480.000 kr.
**Verð nú 4.100.000 kr.**
Raðnúmer: 992878



### MB B-Class 180
Árgerð 2013, ekinn 63 þús. km, dísil, 1796 cc, 109 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Verð áður 2.190.000 kr.
**Verð nú 1.890.000 kr.**
Raðnúmer: 992441



### Kia Rio EX
Árgerð 2016, ekinn 19 þús. km, dísil, 1396 cc, 90 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Verð áður 2.150.000 kr.
**Verð nú 1.890.000 kr.**
Raðnúmer: 290707



### VW Tiguan Track Sport
Árgerð 2012, ekinn 124 þús. km, dísil, 1968 cc, 140 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Verð áður 2.250.000 kr.
**Verð nú 1.790.000 kr.**
Raðnúmer: 320818

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndavíxli.

ASKJA

**NOTAÐIR BÍLAR**
www.notadir.is

Klettháls 2
110 Reykjavík
590 2160

**Opnunartímar:**
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

# Falleinkunn



**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is

Það er langt frá því gæfulegt útlitið í menntamálum á Íslandi. Í síðustu viku birti Norræna ráðherranefndin skýrslu þar sem borin er saman staða skólamála í Norðurlöndunum og niðurstaðan er hreint út sagt skelfileg fyrir okkur Íslendinga. Menntunarstigið er lægst á Íslandi, brottfallið úr skóla mest og íslenskir grunnskólanemendur koma langverst út úr PISA-könnunum. Að auki er hvergi á Norðurlöndum meiri munur á getu nemenda af erlendum uppruna og innfæddra og á Íslandi.

Þetta er kjaftshögg en það hefur verið lengi á leiðinni. Ekkert af því sem þarna kemur fram þarf að koma okkur á óvart. Of lengi hefur óeining ríkt um margt er lýtur að mennta- og skólamálum á Íslandi. Launakjör kennara, lengd kennaranáms, fjármögnun skólakerfisins, áherslur á námsgreinar, heimanám eða ekki heimanám og þannig mætti áfram telja. Samfélaginu hefur verið fyrirmunað að koma sér saman um markvissa stefnu þar sem allir sem að koma taka ábyrgð á menntun yngstu kynslóðanna.

Hrakandi menntunarstig er málefni er varðar samfélagið í heild sinni, velferð þess og framtíðarmöguleika og þar af leiðandi getur enginn þáttur þjóðlífsins verið stikkfrí frá ábyrgð á menntamálum. Ef við ætlum raunverulega að vinda ofan af þessari þróun snúa henni til betri vegar er því óhjákvæmilegt annað en að horfa á samfélagsgerðina í heild sinni. En í þessari sömu skýrslu ráðherranefndarinnar kemur einnig fram að þó svo hagvöxtur sé hvergi meiri en á Íslandi af Norðurlöndunum eru tekjurnar lægstar hérlendis.

Við þetta bætist að verðlag er hér talsvert hærra en gengur og gerist á Norðurlöndunum. Kostnaðurinn við að koma þaki yfir höfuðið er hreint út sagt glórulaus í samanburðinum, bæði af völdum verðlags og langtum verri lánskjara, vinnudagurinn er lengri og fleira mætti til taka. Allt eru þetta þættir sem hafa auðvitað veruleg áhrif á heimilin í landinu og þá ekki síst barnaheimilin þar sem rekstrarkostnaðurinn er einmitt hvað mestur. Þar er meira unnið fyrir minni uppskeru og svigrúmið til þess að sinna börnunum því minni en ella.

Arnór Guðmundsson, forstjóri menntamálastofnunar, benti á það í viðtali á RÚV nýverið að skólinn sé í raun aðeins ábyrgur fyrir um 30% af árangri nemenda til móts við heimilin og þjóðfélagið almennt. Þetta er mikilvæg ábending hjá Arnóri í samfélagi sem lengi hefur skellt öllum vandkvæðum í menntamálum alfarið á skólana. Að þetta sé vandamál sem skólinn beri ábyrgð á að leysa, enda foreldrarnir ýmist uppteknir í vinnu eða uppgefnir eftir langan vinnudag.

En svona getur þetta auðvitað ekki gengið mikið lengur. Á Íslandi búum við í samfélagsgerð sem er um margt langt frá þeim norrænu velferðarsamfélögum sem við berum okkur saman við. Á meðan við erum með falleinkunn í samfélagsgerð þá er lítil von um að eitthvað breytist í menntamálum, heldur munum við þvert á móti halda áfram að dragast aftur úr frá ári til árs með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

**Að þetta sé vandamál sem skólinn beri ábyrgð á að leysa enda foreldrarnir ýmist uppteknir í vinnu eða uppgefnir eftir langan vinnudag.**

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA

## Halldór




## Frá degi til dags

**Litað veður**
**Þrátt fyrir ungan aldur rámar molahöfund í þá tíð þegar vindstyrkur var mældur í vindstigum og Beufort-kvarðinn var í fullu gildi. Eitthvað virðist hins vegar hafa hallað undan fæti undanfarið. Einhverra hluta vegna var ákveðið að litakóða veðrið og í stað þess að hér sé stinningskaldi eða allhvasst er veðrið orðið gult, appelsínugult eða rautt. Það getur ekki verið að undirritaður sé einn á báti með að tengja litið við litina enda virtist litið við hinu eldra kerfi. Með þessu áframhaldi verður þó fróðlegt að sjá hvort gulur, appelsínugulur og rauður muni á endanum víkja fyrir peysu-, úlpu- og inniveðri.**

**Úti að aka**
**Það hefur vart farið fram hjá mörgum að hinn víðförli Sjálfstæðisþingmaður Ásmundur Friðriksson ekur meira en meðalmaðurinn. Undanfarin ár hefur keyrsla hans verið um og yfir 50 þúsund kílómetrar á ári. Í fyrra ók hann til að mynda 130 kílómetra að meðaltali á dag. Í blæstrinum og skyggnisleysinu í gær var ekki laust við að hugurinn reikaði örlítið til þingmannsins og hvort hann hefði látið sig hafa það að fara út til að fylla hinn daglega kvóta. joli@frettabladid.is**

# Laun leiðsögumanna og bílstjóra íþyngja varla ferðaþjónustunni



**Kári Jónasson**
**leiðsögumaður**

Að undanförnu hafa birst í fjölmiðlum fréttir um verðlag í ferðaþjónustunni á Íslandi miðað við önnur lönd. Í augum okkar leiðsögumanna kemur þarna fátt á óvart, og þetta eru sannarlega ekki ný tíðindi.

Við sem störfum í þessum geira höfum löngum vitað að Ísland er ekki ódýrt ferðamannaland, og Ísland er heldur ekki ódýrt fyrir okkur sem hér búum, nema kannski hvað varðar hita og rafmagn allvíða á landinu. Það þarf ekkert að segja okkur um verð á mat hér á landi, hvað þá á öli og víni. Að vísu er ekki erfitt að finna sambærilegt verð á þessum hlutum í sumum nágrannalöndum okkar, en ef við miðum við Þýskaland, þá komum við mjög illa út, svo ekki sé meira sagt. Reyndar er svolítið forvitnilegt að bera saman verð á mat t.d. í Sviss og Þýskalandi, en þar er á stundum himinn og haf á milli þessara næstu nágranna.

En meginatriðið með þessum skrifum er að koma í veg fyrir að fólk haldi að það séu laun leiðsögumanna og bílstjóra sem séu þess valdandi að við teljumst vera dýrt ferðamannaland. Þvert á móti, því laun þessara stétta eru skammarlega lág, tímakaupið hjá menntuðum leiðsögumönnum í kringum tvö þúsund krónur, sem gerir þá um 300 þúsund á mánuði í grunnlaun, og bílstjórar með enn minna en það. Þessar stéttir eru gjarnan langdvölum að heima, en með löngum vinnudegi og fjarvistum hafa menn í sig og á. Sumir segja að það sé ekki nema fyrir svokallaða „gullborgara“ að stunda þessi störf, en það eru gjarnan menn og konur sem hafa sagt skilið við ævistarfið og og taka þetta að sér sem hlutastörf.

Það eru því ekki þessar stéttir sem eru íþyngjandi fyrir ferðaþjónustuna. Frekar má herma þessa erfiðleika upp á sterka krónu, en hún kemur sér líka vel fyrir allan almenning og þá ekki síður ferðaþjónustufyrirtækin varðandi erlend aðföng.

**Laun þessara stétta eru skammarlega lág, tímakaupið hjá menntuðum leiðsögumönnum í kringum tvö þúsund krónur.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Húrra fyrir Strætó-Stellu

**Í DAG**



Pawel Bartoszek

Árið 2011 var ég fundarstjóri á ráðstefnunni „Hjólum til framtíðar". Af því tilefni setti ég fram litla áskorun. Ég lofaði verðlaunum, rauðvínsflösku að því er mig minnir, handa hverjum þeim íslenska kvikmyndagerðarmanni sem myndi sýna persónu í kvikmynd eða sjónvarpsþætti í strætó, í öðrum tilgangi en þeim að undirstrika mikið harma- og hnignunarskeið sem persónan væri að ganga í gegnum.

Ætli ég hafi ekki verið undir áhrifum hinna annars prýðilega skemmtilegu þátta um Hlemmavídeó, þegar ég sagði þetta. Í þeim þáttum tekur aðalsöguhetjan, leikin af Pétri Jóhanni, strætó í fyrsta þættinum og er í skítnum en nær svo fljótlega að verða sér úti um einhverja þrjátíu ára bíldruslu. Það er þá væntanlega til marks um það að söguhetjan hafi náð örlítilli viðspyrnu frá botninum.

Svona eru dæmin vafalaust fleiri. Enginn badass íslenskrar kvikmyndasögu hefur nokkurn tímann slúttað samtali með: „Má ekki vera að þessu! Ásinn er að fara!" Enginn söguþráður spennumyndar hefur snúist um það að skiptimiðinn væri að renna út. Eða að fjarkinn væri seinn og þristurinn í Mjóddinni gæti ekki beðið lengur. Enginn gamanþáttur hefur gengið út á hóp ungmenna sem taka saman fimmuna úr Árbænum á hverjum morgni. Strætó hefur oftast táknað persónulega eymd.

Ég held hins vegar að ég verði að fara að greiða út rauðvínsflöskuna til handritshöfunda þáttanna um Stellu Blómkvist. Stella nefnilega tekur strætó, ekki bara og ekki alltaf, en þegar hún er látin gera það virðist það ekki einungis vera til þess að benda á að hún sé fátæk, geðsjúk eða búin að missa prófið. Kannski er þetta ekki enn orðið töffaraeinkenni í sjálfu sér, kannski er þetta frekar hluti af þeirri persónusköpun Stellu að gera hana flippaða og öðruvísi. En ég þigg alltaf „flippað og öðruvísi" fram yfir „á rosa bágt".

Ég skal játa það – ég held varla vatni yfir Stellu Blómkvist þáttunum. Heiðu Reed tekst að koma krefjandi hlutverki Stellu frábærlega til skila. Já, ég segi krefjandi vegna þess að Stella er í grunninn svona týpupersóna sem búið er að hlaða á ýmsum tiltölulega klisjukenndum persónueinkennum (hún er reykjandi töffara-dóna-lögfræðingur) og útkoman hefði mjög auðveldlega getað orðið fullkomlega einvíð. En stærsta afrek þeirra sem að þáttunum standa er einmitt að þeim hefur tekist að gera persónuna og sögusviðið trúverðugt.

Fljótt á litið kann það að virka ansi mikið rugl að halda því fram að sögusviðið sé trúverðugt. Þættirnir gerast á Íslandi þar sem krónan hefur vikið fyrir dollaranum og Kínverjar hafa gríðarleg ítök, hafa eignast stóran hluta Norðausturlands, Hamraborgin er Kínahverfi og gamla seðlabankabyggingin er komin með nýtt hlutverk: Þar er starfrækt íturvaxið kínverskt sendiráð.

Án þess að maður opinberi of mikið um efni þáttanna þá eru kínversk ítök og afskipti ákveðið þema. Þegar maður horfir á þáttinn með íslenskum gleraugum þá getur margt af þessu kannski virkað fremur asnalegt. En við getum leyft okkur að hugsa: hvernig væri það ef menn myndu dag einn hringja í íslensku lögregluna en einhver önnur lögregla en íslensk myndi mæta á staðinn? Eða að sú íslenska myndi mæta en myndi í reynd lúta erlendu boðvaldi?




Þrátt fyrir að það kunni að hljóma fáránlega eru þættirnir um Stellu Blómkvist tiltölulega trúverðugur pólitískur vísindaskáldskapur. Sem betur fer hafa fáir Íslendingar upplifað það að búa í leppríki. En þættirnir koma því ástandi ágætlega til skila: Hið erlenda ríkisvald er ekki endilega alltumlykjandi eða með fingurna í öllu. En stundum mætir það á svæðið og trompar hið innlenda. Lætur fólk hverfa, kemur í veg fyrir að hlutir séu sagðir sem því eru ekki þóknanlegir. Lokar af svæðum fyrir sjálft sig og hleypir innlenda ríkisvaldinu ekki inn. Lætur breyta lögum í eigin þágu og kemur fyrir útsendurum á mikilvægum stöðum.

Ekki veit ég hvort Stellu Blómkvist verði minnst sem tímamótaverks í íslenskri kvikmyndagerð en hún á það skilið. Fólk tók fremur djúpsteikt hráefni en gerði aldrei grín að því heldur tók það alvarlega. Fullveldispælingarnar eru skemmtilegar án þess að vera predikandi. Já, og síðast en ekki síst: Stella á skilið þakkir fyrir hafa loksins gert strætó kúl.

**Stella á skilið þakkir fyrir hafa loksins gert strætó kúl.**




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Arna Stefanía varð hlutskörpust í Uppsölum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Arna meistari

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Arna Stefanía Guðmundsdóttir hrósaði sigri í 400 metra hlaupi kvenna á Norðurlandamótinu í Uppsölum í Svíþjóð í gær. Hún hljóp á 54,33 sekúndum sem er hennar besti tími á þessu tímabili og þriðji besti tími hennar frá upphafi.

Arna var rúmri sekúndu frá því að ná lágmarki fyrir EM innanhúss sem fer fram í Birmingham 1. til 4. mars næstkomandi.

FH-ingurinn sprettharðri byrjar tímabilið vel en hún hrósaði sigri í 400 metra hlaupi á Reykjavíkurleikunum um síðustu helgi.

Hulda Þorsteinsdóttir úr ÍR lenti í 3. sæti í stangarstökki á Norðurlandamótinu í gær. Hún stökk yfir 4,24 m í fyrstu tilraun. Þetta er besti árangur Huldu á tímabilinu. – iþs

## Snorri skíðaði fyrstur Íslendinganna af stað




**Norskir yfirburðir í skiptigöngunni** Snorri Einarsson endaði í 56. sæti í 30 km skiptigöngu á Ólympíuleikunum í PyeongChang í Suður-Kóreu í gær. Snorri var fyrsti Íslendingurinn sem keppir á leikunum í ár. Hann kom í mark á einni klukkustund, 23 mínútum og 33 sekúndum. Hann var 7,13 mínútum á eftir sigurvegaranum, Simen Hegstad Krüger frá Noregi. Norðmenn röðuðu sér í efstu þrjú sætin í skiptigöngunni. NORDICPHOTOS/GETTY

BIRTA LÍFEYRISSJÓÐUR

# Fulltrúar launamanna í stjórn Birtu lífeyrissjóðs

Valnefnd launamanna Birtu lífeyrissjóðs auglýsir eftir fulltrúum til að taka sæti í stjórn sjóðsins kjörtímabilin 2018-2019 og 2018-2020. Samkvæmt samþykktum Birtu lífeyrissjóðs (gr. 5.8) hefur valnefnd m.a. þann yfirlýsta tilgang að tryggja að stjórn sjóðsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna sem og að tryggja gagnsæi í málum um tilnefningu stjórnarmanna.

Fulltrúaráð launamanna Birtu kýs tvo stjórnarmenn til tveggja ára og tvo til eins árs auk eins varamanns til tveggja ára og eins til eins árs í stjórn sjóðsins.

Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda inn umsókn ásamt kynningarbréfi með rökstuðningi og starfsferilskrá á netfangið valnefnd@birta.is fyrir kl. 16:00 þriðjudaginn 20. febrúar 2018.

**Þeir sem gefa kost á sér skulu**

- vera launamenn sem greiða iðgjald í Birtu lífeyrissjóð.
- ekki vera sjálfstætt starfandi atvinnurekendur/einyrkjar.
- vera fjárhagslega sjálfstæðir og búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu skv. 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 6. gr. reglna FME nr. 180/2013 og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem gerðar eru til hæfi og hæfni stjórnarmanna skv. framangreindum lögum, reglum FME, samþykktum sjóðsins og verklagsreglum valnefndar.
- skila inn með umsókn útfylltu umboði sem veitir valnefnd launamanna Birtu lífeyrissjóðs, eða þeim aðila sem starfar í umboði hennar, heimild til að afla úr fjárhagskerfum fjárhagslegra upplýsinga og annarra opinberra upplýsinga í tengslum við mat á hæfi til setu í stjórn sjóðsins.

**Allar nánari upplýsingar um stjórnarkjörið og um sjóðinn má finna á vefnum birta.is. Á sama stað er eyðublað til útfyllingar vegna umboðs til þess að afla fjárhagsupplýsinga um frambjóðendur.**

Birta lífeyrissjóður er fjórði stærsti lífeyrissjóður landsins. Hann varð til við sameiningu Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs 1. desember 2016.

**BIRTA lífeyrissjóður** | Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 480 7000 | birta@birta.is | birta.is

# Stórleikur Helenu dugði skammt gegn Bosníu

**KÖRFUBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta er enn án stiga í A-riðli undankeppni EM 2019. Íslensku stelpurnar mættu Bosníu í Sarajevo á laugardaginn og töpuðu með 30 stiga mun, 97-67.

Íslenska liðið spilaði vel í fyrri hálfleik. Staðan að honum loknum var 40-36, Bosníu í vil. Hildur Björg Kjartansdóttir minnkaði muninn í eitt stig, 41-40, í upphafi seinni hálfleiks. Þá settu þær bosnísku í fluggírinn og íslenska liðið sá ekki til sólar það sem eftir lifði leiks.

Bosnía vann þriðja leikhlutann 32-14 og þegar lokaflautið gall munaði 30 stigum á liðunum, 97-67. Skotnýting bosníska liðsins var miklu betri en þess íslenska (53,6%-35,1%) og þá rústaði Bosnía frákastabaráttunni 46-28.

Helena Sverrisdóttir átti stórleik í íslenska liðinu í fyrradag. Hún skoraði 32 stig og var stigahæst á vellinum. Helena tók einnig sex fráköst og gaf fimm stoðsendingar. Hún hitti úr þremur af fjórum þriggja stiga skotum sem hún tók og nýtti 15 af 16 vítaskotum sínum. Frábær frammistaða hjá Hafnfirðingnum.

Helena, sem lék sinn 67. landsleik á laugardaginn, er fjórði stigahæsti leikmaður undankeppninnar með 24,0 stig að meðaltali í leik. Hún er líka í 7. sæti á listanum yfir framlagshæstu leikmenn undankeppninnar.

Hildur Björg spilaði einnig ágætlega í leiknum á laugardaginn. Hún skoraði 16 stig og tók átta fráköst. Þær Helena skoruðu samtals 48 af 67 stigum Íslands. Enginn annar leikmaður skoraði meira en fjögur stig.

Íslenska liðið er nú komið til Svartfjallalands þar sem það mætir heimakonum í Podgorica á miðvikudaginn. Svartfellingar eru með fimm stig í A-riðli, líkt og Bosníumenn og Slóvakar. Leikurinn á miðvikudaginn hefst klukkan 18.00 að íslenskum tíma.

ingvithor@frettabladid.is

» Helena Sverrisdóttir er fjórði stigahæsti leikmaður undankeppni EM 2019 með 24,0 stig að meðaltali í leik.




Helena Sverrisdóttir átti frábæran leik í Sarajevo. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

markhönnun ehf

netto

# Allt fyrir sprengidagsmáltíðina

...Saltkjöt og baunir, túkall






-50%

KJÖTSEL

**SALTKJÖT**
SÍÐUBITAR
**199 KR/KG**
~~ÁÐUR: 398 KR/KG~~

-20%

**BAUNASÚPUGRUNNUR**
KATLA
**398 KR/PK**
~~ÁÐUR: 498 KR/PK~~





KJÖTSEL

GOÐI

**BLANDAÐ SALTKJÖT**
SALTSKERT
**1.198 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.498 KR/KG~~

-20%

KJÖTBANKINN

**SALTKJÖT & BAUNIR**
SÚPA 1 L
**1.499 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.898 KR/KG~~

-21%



**LAMBASALTKJÖT**
BLANDAÐ 1FL.
**1.198 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.498 KR/KG~~

-20%

-20%

**SALTKJÖT**
SÉRVALIÐ
KJÖTSEL
**1.598 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.998 KR/KG~~

ÓDÝRT Í netto



KJÖTSEL

**SALTKJÖT**
**473 KR/KG**
~~ÁÐUR: 789 KR/KG~~

-40%

netto
Á NETINU
www.netto.is

**Tilboðin gilda 8. - 12. febrúar 2018 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit 27. umferðar 2017-18**

**Tottenham - Arsenal 1-0**
1-0 Harry Kane (49.).

**Everton - C. Palace 3-1**
1-0 Gylfi Þór Sigurðsson (46.), 2-0 Oumar Niasse (51.), 3-0 Tom Davies (75.), 3-1 Luka Milivojevic, víti (83.).

**Stoke - Brighton 1-1**
0-1 José Izquierdo (32.), 1-1 Xherdan Shaqiri (68.).

**Swansea - Burnley 1-0**
1-0 Ki Sung-yueng (81.).

**West Ham - Watford 2-0**
1-0 Chicharito (38.), 2-0 Marko Arnautovic (78.).

**Man. City - Leicester 5-1**
1-0 Raheem Sterling (3.), 1-1 Jamie Vardy (24.), 2-1 Sergio Agüero (48.), 3-1 Agüero (53.), 4-1 Agüero (77.), 5-1 Agüero (90.).

**Huddersfield - B'mouth 4-1**
1-0 Alex Pritchard (7.), 1-1 Junior Stanislas (13.), 2-1 Steve Mounie (27.), 3-1 Mounie (66.), 4-1 Rajiv van La Parra, víti (90+5.).

**Newcastle - Man. Utd. 1-0**
1-0 Matt Ritchie (65.).

**S'oton - Liverpool 0-2**
0-1 Roberto Firmino (6.), 0-2 Mohamed Salah (42.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man. City | 27 | 23 | 3 | 1 | 79-20 | 72 |
| Man. Utd. | 27 | 17 | 5 | 5 | 51-19 | 56 |
| Liverpool | 27 | 15 | 9 | 3 | 61-31 | 54 |
| Tottenham | 27 | 15 | 7 | 5 | 52-24 | 52 |
| Chelsea | 26 | 15 | 5 | 6 | 46-23 | 50 |
| Arsenal | 27 | 13 | 6 | 8 | 51-36 | 45 |
| Burnley | 27 | 9 | 9 | 9 | 21-24 | 36 |
| Leicester | 27 | 9 | 8 | 10 | 39-40 | 35 |
| Everton | 27 | 9 | 7 | 11 | 32-46 | 34 |
| B'mouth | 27 | 8 | 7 | 12 | 31-41 | 31 |
| Watford | 27 | 8 | 6 | 13 | 37-47 | 30 |
| West Ham | 27 | 7 | 9 | 11 | 34-46 | 30 |
| Newcastle | 27 | 7 | 7 | 13 | 25-36 | 28 |
| Brighton | 27 | 6 | 10 | 11 | 22-36 | 28 |
| C. Palace | 27 | 6 | 9 | 12 | 25-42 | 27 |
| Swansea | 27 | 7 | 6 | 14 | 20-37 | 27 |
| Huddersf. | 27 | 7 | 6 | 14 | 23-47 | 27 |
| S'oton | 27 | 5 | 11 | 11 | 28-40 | 26 |
| Stoke | 27 | 6 | 7 | 14 | 27-53 | 25 |
| West Brom | 26 | 3 | 11 | 12 | 21-37 | 20 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi**


Everton
**Gylfi Þór Sigurðsson**
Skoraði fyrsta mark Everton í 3-1 sigri á Crystal Palace á heimavelli. Þetta var fjórða deildarmark Gylfa í vetur.


Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**
Var að venju í byrjunarliði Burnley og lék fyrstu 85 mínúturnar í 1-0 tapi fyrir Swansea á útivelli.


Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**
Landsliðsfyrirliðinn lék ekki með Cardiff í 1-1 jafntefli við Millwall vegna meiðsla.


Reading
**Jón Daði Böðvarsson**
Var í byrjunarliði Reading sem tapaði fyrir Boro. Tekinn af velli í seinni hálfleik.


Aston Villa
**Birkir Bjarnason**
Spilaði síðustu sex mínúturnar í 2-0 sigri Aston Villa á nágrönnunum í Birmingham City.


Bristol City
**Hörður B. Magnússon**
Kom inn á undir lokin í ótrúlegu 3-3 jafntefli Bristol City og Sunderland.


Carlos Carvalhal stýrði Swansea City til sigurs á Burnley, 1-0, á Liberty vellinum í 27. umferð ensku úrvalsdeildarinnar á laugardaginn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Carlos sveiflar töfrasprotanum

Carlos Carvalhal hefur snúið gengi Swansea við síðan hann tók við liðinu í afar vondri stöðu um áramótin.

**FÓTBOLTI** Þegar Carlos Carvalhal tók við Swansea City 28. desember var útlitið dökkt. Svanirnir voru með 13 stig á botni ensku úrvalsdeildarinnar, fimm stigum frá öruggu sæti. Og fæstir bjuggust við að náungi sem Sheffield Wednesday var nýbúið að reka gæti breytt einhverju þar um.

Núna, 47 dögum síðar, er Swansea með 27 stig í 16. sætinu, stigi frá fallsæti. Staðan er því allt önnur og betri en hún var rétt fyrir áramót.

Carvalhal hefur stýrt Swansea í 11 leikjum. Sex þeirra hafa unnist, fjórir endað með jafntefli og aðeins einn tapast. Markatalan er 20-9. Swansea hefur m.a. unnið Liverpool og Arsenal síðan Carvalhal tók við og aðeins Tottenham og Liverpool hafa náð í fleiri stig í ensku úrvalsdeildinni. Þá er Swansea komið í 16-liða úrslit bikarkeppninnar þar sem liðið mætir fyrrverandi lærisveinum Carvalhals í Wednesday.

Carvalhal hefur náð í alla þessa sigra án þess að gera miklar breytingar á leikmannahópi Swansea. André Ayew og Andy King voru þeir einu sem komu í janúar-glugganum en þeir eiga að fylla skörð Wilfrieds Bony og Leroys Fer sem spila ekki meira með á tímabilinu. Carvalhal hefur einfaldlega unnið vel með liðið sem hann er með í höndunum.

Carlos Carvalhal er 52 ára gamall Portúgali sem hefur farið víða á 20 ára ferli í þjálfun. Hann hefur aðallega starfað í föðurlandinu en einnig stýrt liðum í Grikklandi, Tyrklandi og Englandi og jafnan stoppað stutt við hjá hverju liði. Árangurinn er ekkert stórkostlegur en Carvalhal hefur aðeins unnið einn titil á stjóraferlinum. Hann stýrði Vitória Setúbal til sigurs í portúgölsku deildabikarkeppninni fyrir áratug.

Carvalhal náði hins vegar ágætum árangri með Wednesday og kom liðinu tvisvar í umspil um sæti í ensku úrvalsdeildinni. Og nú er hann búinn að rífa Swansea í gang.

Þetta er reyndar ekki í fyrsta sinn sem stjóri kemur inn á miðju tímabili og snýr gengi Swansea við. Garry Monk, Francesco Guidolin og Paul Clement hafa allir gert það á síðustu árum. Vandamálið hefur verið að fylgja því eftir á tímabili númer tvö. Guidolin og Clement voru báðir reknir á sínu öðru tímabili. Monk náði góðum árangri á öðru tímabilinu en var svo látinn taka pokann sinn á því þriðja.

Það sem Swansea þarf öðru fremur er stöðugleiki. Síðan velska liðið kom upp í ensku úrvalsdeildina 2011 hefur það haft sjö knattspyrnustjóra. Enginn þeirra hefur náð tveimur árum í starfi.

Carvalhal er á réttri leið með Swansea en hans stærsti hausverkur verður að fá liðið til að halda dampi. Það mistókst forverum hans í starfi.
ingvithor@frettabladid.is

## Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
Harry Kane skoraði eina mark leiksins þegar Tottenham vann Arsenal í Norður-Lundúnaslag á Wembley. Tottenham er í 4. sæti deildarinnar en Arsenal í því sjötta. Sjö stigum munar á liðunum og vonir Arsenal um að ná Meistaradeildarsæti eru orðnar ansi veikar.

**Hvað kom á óvart?**
Nýliðar Huddersfield gerðu sér lítið fyrir og skelltu sjóðheitu liði Bournemouth, 4-1. Huddersfield hafði tapað fimm leikjum í röð fyrir leikinn í gær en lyfti sér upp úr fallsæti með sigrinum á Bournemouth. Huddersfield hefur gengið illa að skora í vetur en það var ekki vandamál á sunnudaginn.

**Mestu vonbrigðin**
Manchester United náði aldrei neinu flugi gegn Newcastle United á St. James' Park og þurfti að sætta sig við 1-0 tap. Lykilmenn á borð við Paul Pogba náðu sér á ekki á strik og því fór sem fór. United er nú aðeins tveimur stigum á undan Liverpool og allt stefnir í spennandi baráttu um Meistaradeildarsætin.

## Leikmaður helgarinnar



Sergio Agüero tók til sinna ráða í seinni hálfleiknum í leik Manchester City og Leicester City á laugardaginn. Staðan í hálfleik var jöfn, 1-1, en í seinni hálfleiknum héldu Agüero engin bönd. Hann skoraði fjögur mörk og sá til þess að City vann öruggan sigur.

Þetta er í fjórða sinn sem Agüero skorar fernu í leik í ensku úrvalsdeildinni sem er met. Argentínumaðurinn er kominn með 21 deildarmark í vetur og er fjórði leikmaðurinn í sögu ensku úrvalsdeildarinnar sem skorar 20 mörk eða meira fjögur tímabil í röð. Þá hefur Agüero skorað í sjö heimaleikjum í röð í fyrsta sinn síðan hann gekk í raðir City frá Atlético Madrid árið 2011.

Fátt virðist geta komið í veg fyrir að City verði Englandsmeistari. Liðið er með 16 stiga forskot á toppi ensku úrvalsdeildarinnar og þarf aðeins sex sigra í viðbót til að tryggja sér titilinn. – iþs

# Fólk

Lífsstíll

MÁNUDAGUR 12. FEBRÚAR 2018



„Ég hvet alla til þess að koma og upplifa sannkallaða jeppastemningu og njóta dagsins með okkur. Fólk verður svo sannarlega ekki svikið af ferð í Kauptúnið laugardaginn 17. febrúar," segir Kristinn J. Einarsson, sölustjóri Toyota Kauptúni. MYND/ANTON BRINK

# Jeppasýning Toyota

Jepparnir verða í aðalhlutverki á Jeppasýningu Toyota sem verður haldin í níunda sinn næstu helgi. Öflugir samstarfsaðilar munu krydda sýninguna með vörum sem passa vel við jeppana og verkefnin sem þeir eru notaðir í. →2


*Frábærar veislur fyrir hópa*

Lambalæri bernaise og lambakótelettur 3.600 kr.
Þorramatur og heit og köld sviðaveisla 3.600 kr.
Siginn fiskur og saltfiskur með hömsum 2.900 kr.

Sjávarréttasúpa, smáréttir, salatbar og viðeigandi meðlæti, kaffi og hjónbandssæla innifalið

Lágmark 10 manns.
Nánari upplýsingar á sjavarbarinn.is



SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Grandagarði 9 - Sími 517 3131 - sjavarbarinn.is






Þetta tröll tók sig vel út fyrir utan Toyota Kauptúni á Jeppasýningu Toyota 2017.

Framhald af forsíðu ➭

Jeppasýning Toyota hefur verið haldin í átta ár í röð og sú níunda verður laugardaginn 17. febrúar næstkomandi. „Á Jeppasýningunni höfum við alltaf lagt áherslu á að skapa létta og skemmtilega stemmingu. Við fáum til liðs við okkur öfluga samstarfsaðila sem krydda sýninguna með vörum sem passa algjörlega við jeppana okkar og í þau verkefni sem við notum þá í, hvort sem það er við leik eða störf,“ segir Kristinn J. Einarsson, sölustjóri Toyota Kauptúni.

## Jepparnir í aðalhlutverki

„Auðvitað eru það jepparnir okkar Land Cruiser, Hilux og RAV4 sem eru í aðalhlutverki á sýningunni. Með öllum Land Cruiser fylgir 33" breytingapakki viðskiptavinum okkar að kostnaðarlausu. Hilux Invincible er einn af okkar vinsælustu bílum enda er Invincible pakkinn sem fylgir Hilux stórkostlegur. Við erum mjög stolt af því að kynna veglegan aukahlutapakka sem fylgir með öllum RAV4 bílum sem ekki eru Hybrid. Allir Hybrid bílar eru hins vegar á sérkjörum þessa dagana, og því tilvalið að skella sér á Toyota jeppa á sýningunni,“ bætir hann við.

## Fjölsótt sýning

Jeppasýning Toyota hafa allaf verið mjög vel sótt og er jafnan ein af fjölsóttustu bílasýningum hvers árs. „Við fáum flotta jeppa frá viðskiptavinum sem búið er að breyta í sannkölluð fjallaskrímsli, bæði Land Cruiser og Hilux. Ellingsen, sem er samstarfsaðili okkar á sýningunni, mun sýna fjórhjól, sexhjól, vélsleða, BUGGY bíla og ég veit ekki hvað á að kalla öll þessi tæki frá þeim. Í versluninni verður fullt af flottum tilboðum, til dæmis á bónvörum, jeppadekkjum og aukahlutum sem gera góðan bíl betri,“ segir Kristinn.


Ellingsen sýnir skemmtileg tæki sem eru til margs nytsamleg.



Hilux Invincible hefur slegið í gegn á Íslandi.

> **Auðvitað eru það jepparnir okkar Land Cruiser, Hilux og RAV4 sem eru í aðalhlutverki á sýningunni.**

## Sannkölluð jeppastemning

„Jepparnir okkar eru og hafa verið alveg gríðarlega vinsælir og það er mjög skemmtilegt að halda sýningu þeim til heiðurs. Ég hvet alla til þess að koma og upplifa sannkallaða jeppastemningu og njóta dagsins með okkur. Fólk verður ekki svikið af ferð í Kauptúnið laugardaginn 17. febrúar, það er alveg víst,“ segir hann að lokum.

Nánari upplýsingar um Toyota jeppa má finna á www.toyota.is.


„Jepparnir okkar eru og hafa verið alveg gríðarlega vinsælir og það er mjög skemmtilegt að halda sýningu þeim til heiðurs,“ segir Kristinn J. Einarsson.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 512 5439 ,

# EVY er sólarvörn íslenska skíðalandsliðsins

**Skíðasamband Íslands gerði samning við Celsus um að allir keppendur í A- og B-landsliðum Íslands í skíðaíþróttum munu hér eftir nota hina byltingarkenndu EVY-sólarvörn við æfingar og keppni. A-landsliðið tekur þátt í Vetrarólympíuleikunum í S-Kóreu sem haldnir eru nú í febrúar.**



Íslenska skíðalandsliðið sem keppir nú á Vetrarólympíuleikunum í Suður-Kóreu notar EVY-sólarvörn til að varna sólbruna og húðskemmdum af völdum sólar.

Við erum afar ánægð með þetta frumkvæði og þessa faglegu sýn hjá Skíðasambandi Íslands,“ segir Anna Björg Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Celsus, sem selur EVY á Íslandi.

„Það er ánægjulegt að sambandið skuli átta sig á mikilvægum gæðum vörunnar því það er fyrir öllu að keppendur hafi örugga sólarvörn í skíðakeppnum, sem þolir erfiðustu aðstæður og verndar húð þeirra fyrir sólbruna,“ segir Anna Björg.

EVY veitir vörn í allt að sex klukkustundir og viðheldur raka í húðinni við erfiðustu aðstæður sem útivistar- og íþróttafólk má þola. Notkun á EVY er því mikil á meðal skíðamanna, keppnisræðara, pólfara og annarra ofurhuga sem reyna á mátt sinn úti í náttúrunni.

„Því má nefna að fyrir utan að vera opinber sólarvörn íslenska skíðalandsliðsins er EVY Technology opinber sólarvörn sænska golflandsliðsins og sænska hjólreiðalandsliðsins og var valin fyrir alla keppendur í Volvo Race. Þá er hún einnig sólarvörn keppenda í fjölmörgum siglingakeppnum og hér á landi hafa pólfarar valið að nota EVY, sem hét áður Proderm, og sama á við um marga í fjallaklifri, jöklaferðum, sundkeppnisfólk og siglingakappa,“ upplýsir Anna Björg.

## Valin sólarvörn ársins

„EVY inniheldur bæði háa vörn gegn UVA-geislum og UVB-geislum. Þeir síðarnefndu (UVB) valda sólbruna og fólk verður fljótt vart við afleiðingarnar þegar húðin brennur, en þá er líka skaðinn skeður,“ segir Anna Björg og bætir við að líka sé hægt að skaðast af sólinni án þess að húðin brenni.

„Því alvarleg skaðsemi útfjólubláu UVA-geislanna orsakar húðskemmdir í undirhúðinni, veldur hrukkum, slakri húð og eykur hættu á húðkrabbameini.“

Anna Björg segir að ekkert eldi húðina eins mikið og sólin.

„Húð sem er orðin útitekin og fallega sólbrún verður samt sem áður áfram fyrir skaða af UVA-geislum, nema áfram sé notuð góð sólarvörn. Ráðleggingar húðlækna eru að útivistarfólk ætti alltaf að nota sólarvörn til að vernda sig gegn skaðlegum geislum, jafnt að sumri sem vetri til, því snjór endurkastar skaðlegum sólargeislum um 85 prósent, segir Anna Björg.



Þess má geta að tímaritið TARA valdi sólarvöruna Daily Face frá EVY sem bestu sólarvöru ársins 2017. Hún er með sólarvörn fyrir andlit með kollageni, silkiextrakt og hyaluronicacid, og hæstu vörn gegn UVA- og UVB-geislum sólar. Hún fæst 75 ml umbúðum og hentar því í handfarangur.

## Allt að 6 tíma sólarvörn

EVY byggir á einkaleyfisskráði formúlu.

„Grunnformúlan styrkir náttúrulegar varnir húðarinnar og bindur raka í húðinni, jafnvel við erfiðustu aðstæður á jöklum, í frosti og söltum sjó, sem dæmi.

Vörnin nuddast ekki svo létt af og þolir sund, sjó, leik og íþróttir, og ekkert er um glans eða klístur. Rannsóknir sýna allt að sex tíma vörn gegn UVA- og UVB-geislum, en EVY verndar líka gegn hita, vindi og þurrki af klór, saltvatni og húðertandi áreiti,“ upplýsir Anna Björg en EVY sólarvörn er líka notuð á varir þar sem hún situr í sex klukkustundir.

EVY sólarvörnin inniheldur engin hormónatruflandi efnasambönd.

EVY sólarfilterar eru húðvænir og innihalda engar nanóeindir sem eru taldar skaðlegar lífríki og fara inn í frumur líkamans, engin ilm- og litarefni eða paraben.

> **Veitir vörn í allt að 6 kukkustundir við erfiðustu aðstæður sem íþrótta- og útivistarfólk þarf að þola.**
>
> Anna Björg Hjartardóttir

Ítarlegar upplýsingar um EVY sólarvörnina er að finna á vefsíðunni evy.is. Fæst í öllum apótekum, Fríhöfninni, Hagkaup, Nettó og víðar yfir sumartímann.



# Hjólar til góðs

**Jónína Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Gáska Sjúkraþjálfunar, ætlar að hjóla ásamt Team Rynkeby Ísland frá Kaupmannahöfn til Parísar í sumar til styrktar Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna. Hún segir áskorunina ekki síður andlega en líkamlega.**



Jónína æfir hjólreiðar af kappi fyrir verkefni sumarsins. MYND/ANTON BRINK



Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is


Maðurinn minn hefur verið virkur í götuhjólreiðum undanfarin ár og fylgdist með Rynkeby verkefninu á síðasta ári. Sú hugmynd kviknaði í haust hvort við sæktum ekki um að komast í liðið á næsta ári og eftir stutta umhugsun ákváðum við að slá til. Við vorum svo heppin að vera tvö af þeim 40 sem valin voru í liðið og erum nú á fullu að undirbúa okkur. Þetta er heilmikil líkamleg áskorun, um 1.300 km leið sem hjóluð er á átta dögum. Ég er ekki orðin 100% viss hvort ég geti hjólað alla þessa leið en það er í það minnsta frábært að geta lagt góðu málefni lið,” segir Jónína.





Í ár hafa um 2.000 manns skráð sig til leiks. MYND/THOMAS NÖRREMARK.

Ánægðir þátttakendur. MYND/THOMAS NÖRREMARK.

### Samnorrænt góðgerðastarf

Team Rynkeby er samnorrænt góðgerðarstarf sem hófst árið 2002 þegar 11 hjólreiðamenn sem tengdust Rynkeby Foods í Danmörku ákváðu að hjóla til Parísar til að sjá lok Tour de France. „Rynkeby Foods styrkti þá til fararinnar en þegar heim var komið áttu hjólreiðamennirnir eftir dágóða summu sem þeir ánöfnuðu deild krabbameinssjúkra barna við háskólasjúkrahúsið í Óðinsvéum. Árið eftir var leikurinn endurtekinn og síðan þá hefur umfangið aukist jafnt og þétt frá ári til árs og hafa um tvö þúsund manns í 44 liðum skráð sig til leiks í ár. Í fyrra, þegar Ísland tók þátt í fyrsta sinn, söfnuðust í heildina yfir 1,1 milljarður íslenskra króna,“ greinir Jónína frá.

### Hjóla innandyra og stunda CrossFit

Þau hjónin hafa æft hjólreiðar af kappi í allan vetur til að undirbúa sig sem best fyrir áskorun sumarsins. „Við hjólum innandyra að minnsta kosti þrisvar í viku og höfum komið upp góðri aðstöðu til þess í bílskúrnum okkar. Samhliða tökum við æfingar í CrossFit Sport til að fá aukinn alhliða styrk,“ segir hún.

Jónína og Leifur Geir Hafsteinsson, maður hennar, eru ekki ókunnug CrossFit Sport því þau stofnuðu fyrirtækið á sínum tíma, hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og ráku í mörg ár. „Við höfum samt aldrei gert neitt í líkingu við þetta. Verkefnið reynir ekki aðeins á líkamann heldur reynir einnig á andlegu hliðina. Ég þarf að vinna sérstaklega í þessari fimmtán sentimetra vegalengd á milli eyrnanna á mér, sem er kannski mikilvægasta vegalengdin í þessu öllu,“ segir Jónína hlæjandi

> **Við erum löngu byrjuð að safna styrkjum og höfum fengið frábærar viðtökur. Mörg fyrirtæki hafa þegar lagt okkur lið og önnur eru alveg að detta í hús.**
>
> Jónína Bjarnadóttir

Hvað er fram undan?

„Um leið og veður leyfir ætlar hópurinn aftur að fara að hjóla saman úti. Planið er að hjóla 100 km daginn sem ég verð 48 ára. Síðan tröppum við okkur smám saman upp í allt að 200 km dagleiðir,“ segir Jónína en áætlað er að það taki átta daga að hjóla frá Kaupmannahöfn til Parísar. „Öll liðin hjóla af stað á svipuðum tíma en hvert lið fyrir sig planar sína leið. Svo hittum við öll hin liðin undir Eiffel turninum í París, gul og glöð,“ segir Jónína og bætir við að það sé einstaklega hvetjandi að vera hluti af liðsheild sem vinni saman að göfugu markmiði.

„Við erum löngu byrjuð að safna styrkjum og höfum fengið frábærar viðtökur. Mörg fyrirtæki hafa þegar lagt okkur lið og önnur eru alveg að detta í hús. Öll framlög, hver einasta króna, renna beint til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna og við vonumst auðvitað til að safna sem allra mestu,“ segir Jónína að lokum.

Þú getur stutt söfnun Team Rynkeby með því að leggja inn á reikning 0301-26-3367, kennitala 630591-1129, vinsamlega skrifið í tilvísun „Styrkur“. Enginn kostnaður er af millifærslunni og því fer allt framlag þitt til styrktar krabbameinssjúkum börnum á Íslandi.


FERMINGARBLAÐIÐ

Veglegt sérblað Fréttablaðsins
um fermingar kemur út 27. febrúar nk.
Allt sem viðkemur fermingunni og miklu miklu meira.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.



Upplýsingar hjá auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 512 5402
eða sendu okkur póst á netfangið serblod@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Fasteignablaðið

7. TBL. MÁNUDAGUR 12. FEBRÚAR 2018

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



heimili fasteignasala
– á traustum grunni


Bogi Pétursson
lögg.fasteignasali


Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali


Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali


Jón Bergsson
hdl. og lögg. fasteignasali


Brynjólfur Snorrason
lögg. fasteignasali


Gunnlaugur A. Björnsson
lögg. fasteignasali


Ásdís Írena Sigurðardóttir
skrifstofustjóri


Hafdís Una Guðnýjardóttir
lögfræðingur

Félag Fasteignasala

Finndu okkur á Facebook

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500



MIÐBORG fasteignasala

Ert þú í söluhugleiðingum?

Við erum til þjónustu reiðubúin

-Örugg fasteignaviðskipti


Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali


Björn Þorri Viktorsson
Löggiltur fasteigna- og skipasali


Jóhann Örn B. Benediktsson
Skrifstofustjóri

Miðborg fasteignasala • Sundagarðar 2 • 104 Reykjavík • Sími: 533 4800
www.midborg.is


# Glæsileg sérhæð á Nesinu

Heimili fasteignasala kynnir glæsilega 229,3 fm sérhæð, með tveimur bílskúrum, á fallegum stað á Seltjarnarnesi.

Íbúðin skiptist í anddyri, gestasnyrtingu, hol, setustofu, borðstofu, eldhús, sjónvarpsstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Sérinngangur, flísalagt anddyri með góðum fataskápum. Gestasnyrting inn af anddyri, upphengt salerni, falleg innrétting og opnanlegur gluggi. Hol tengir saman önnur rými. Úr holi er gengið út á svalir sem liggja meðfram vestur- og suðurhlið hússins. Fallegt útsýni.

Stofur eru samliggjandi í opnu og björtu rými og á gólfum er fallegt plankaparket. Eldhús er vel tækjum búið með vönduðum innréttingum, hita í gólfi, granítborðplötum og fallegum flísum á gólfi.

Í suðaustur hluta íbúðar er sjónvarpsstofa, tvö svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Plankaparket á gólfi í sjónvarpsstofu.


Glæsileg sérhæð á Unnarbraut 4 á Seltjarnarnesi með flottu útsýni.

Möguleiki er á að skipta sjónvarpsstofunni upp í tvö herbergi.

Svefnherbergin eru rúmgóð, með parketi á gólfi, góðum gluggum og stórum skápum. Frá hjónaherbergi er útgengt á svalirnar.

Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf. Falleg innrétting, upphengt salerni, bidet, flísalagður sturtuklefi, nuddbaðkar, handklæðaofn og opnanlegur gluggi. Hiti er í gólfi á baðherbergi. Þvottahús í sér rými með flísum á gólfi, innréttingu, vaski og glugga með opnanlegu fagi. Tveir bílskúrar fylgja eigninni. Möguleiki á að útbúa íbúð í a.m.k. öðrum þeirra. Fallegur garður bak við húsið.

Að sögn seljanda var, fyrir áratug, skipt um öll gólfefni og innihurðir, skólp- og raflagnir endurnýjaðar og bæði baðherbergi og eldhús endurnýjuð að fullu og skipt um ofna- og neysluvatnslagnir. Þá var húseignin sjálf máluð fyrir um tveimur árum síðan.

Nánari upplýsingar veitir Brynjólfur Snorrason, lgfs. s: 896-2953, brynjolfur@heimili.is


Fasteignasala Mosfellsbæjar


Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS


## Skyggnisbraut 30 - 113 Reykjavík






**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**

Mjög björt og falleg 77,8 m2, 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í lyftuhúsi. Gott skipulag. Fallegar innréttingar. Gólfefni eru fallegt harðparket og flísar. Í íbúðinni eru breiðari hurðagöt og er því hjólastólaaðgengi í íbúðinni. Húsið stendur efst og innst í hverfinu og er í jaðri hverfisins. Stutt í gönguleiðir og náttúruna. **V. 37,9 m.**

## Klapparhlíð 32 - 270 Mosfellsbær






**Opið hús þriðjudaginn 13. febrúar frá kl. 17:00 til 17:30**

Falleg 99,0 m2, 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli. Þetta er björt og falleg íbúð á góðum stað. Stutt í skóla, leikskóla, sund og líkamsræktarstöð. Fallegar innréttingar frá Brúnás. **V. 45,7 m.**

## Ásvegur 15 - 104 Reykjavík



Falleg 99,0 m2 efri sérhæð með sérinngangi í tvíbýlishúsi. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, tvær stofur(auðvelt að gera herbergi), hol, forstofu, eldhús og baðherbergi. Stórt geymsluloft er yfir eigninni. Eignin er nýmáluð að innan. **V. 47,5 m.**

Laus strax — Hringdu og bókaðu skoðun

## Þórðarsveigur 11 - 113 Rvk.



Laus strax — Hringdu og bókaðu skoðun

Flott og mikið endurnýjuð 91,8 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð, ásamt bílastæði í lokaðri bílageymslu í lyftuhúsi. Svalir í suðvestur. Stutt í skóla, leikskóla og verslanir. Leiktæki á sameiginlegri lóð. Íbúðin er nýmáluð að innan. **V. 39,9 m.**

## Kvíslartunga 90, 94, 108, 110 112



Hringdu og bókaðu skoðun

230 m2 raðhús - tilbúin til innréttinga - á tveimur hæðum. Á jarðhæð er forstofa, bílskúr, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi, og geymsla. Á efri hæðinni er hjónaherbergi, baðherbergi, eldhús, og stofur. **V. 62,5 og 64,9 m.**

## Brekkugata 19 - 210 Garðabær



Hringdu og bókaðu skoðun

Mjög falleg 212,8 m2 Parhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr – með fallegu útsýni – uþb. tilbúið til innréttinga. Gott skipulag. 5 svefnherbergi. Eignin er staðsett í nýju hverfi í Urriðarholti. **V. 75,9 m.**

## Laxatunga 82 - 270 Mosfellsbær





Laus strax — Hringdu og bókaðu skoðun

Nýtt og glæsilegt 160 m2 fullbúið endaraðhús við Laxatungu 82 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, þrjú svefnherbergi, baðherbergi m/baðkari og sturtu, þvottahús og stóran bílskúr með geymslulofti. Vandaðar innréttingar. Falleg gólfefni, ítalskar flísar og olíuborið Kährs parket. næsta nágrenni. **V. 74,9 m.**

## Brekkutangi 6 - 270 Mosfellsbær



Hringdu og bókaðu skoðun

Mjög fallegt 3ja. hæða, 279,8 m2 raðhús með bílskúr og 3ja herbergja aukaíbúð með sérinngangi í kjallara. Góðir tekjumöguleikar. Þetta er fallegt og mikið endurnýjað raðhús með vönduðum innréttingum. Gott skipulag. Tvennar svalir og er heitur pottur á öðrum þeirra. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, baðherbergi, gestasnyrtingu, þvottahús, forstofu, hol, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr. Íbúð í kjallara: Tvö herbergi, forstofa, baðherbergi eldhús og stofa. Stór geymsla í kjallara. **V. 84,5 m.**

## Vefarastræti 11 - 270 Mosfellsbær



Íbúðir á efstu hæð í nýju 3ja hæða lyftuhúsi, ásamt bílastæði í bílageymslu. Íbúðirnar skilast fullbúinar með HTH innréttingum, án gólfefna, en gólf baðherbergis/þvottaherbergis eru flísalögð. m2 og bílskúr
**112,3 m2, 4ra herbergja íbúð V. 49,9 m.**
**125,5 m2, 5 herbergja enda íbúð V. 54,9 m.**

## Snæfríðargata 3 og 5 – 270 Mosfellsbær



2 íbúðir eftir

Mjög falleg og vel skipulögð 5 íbúða fjölbýlishús í byggingu á tveimur hæðum við Snæfríðargötu 3 og 5 í Helgafellshverfinu. Bjartar og skemmtilegar 2ja og 3-4ra herbergja íbúðir. Sérinngangur af opnum gangi. Mjög stórar svalir og stórir sérafnotareitir í suðurátt. Allar íbúðirnar afhendast fullbúnar með GÓLFEFNUM og vönduðum innréttingum innréttingum. Skiplagsgjald greitt. Afhending er í maí og júní 2018. 68 m2. 2ja herbergja íbúðir. **V. 35,5 m.**

2015 2017
Framúrskarandi fyrirtæki

Stofnað 1983

# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Sími 520 7500


Helgi Jón Harðarson, Sölustjóri / Eigandi
Freyja Sigurðardóttir, Lögg. fast. / Eigandi
Magnús Emilsson, Lögg. fast. / Eigandi
Ágústa Hauksdóttir, Löggiltur fasteignasali
Hilmar Þór Bryde, Sölumaður
Hlynur Halldórsson, Löggiltur fasteignasali
Hildur Loftsdóttir, Ritari / skjalavinnsla
Andrea Guðrún Gunnlaugsdóttir, Lögg. fast.




## LERKIDALUR, INNRI NJARÐVÍK – RAÐHÚS – FRÁ 37,9 MILLJ.





**Vönduð fullbúin raðhús á einni hæð í Innri Njarðvík.**
**Til afhendingar á næstu mánuðum.**
Húsin eru annarsvegar 3ja herb.104 fm og hinsvegar 4ra herb.117 fm endahús. Um er að ræða vönduð raðhús í fjölskylduvænu hverfi sem er í uppbyggingu. Vandaðar innréttingar, tæki og gólfefni. Húsin eru klædd að utan með vandaðri viðhaldsléttri klæðningu, allt fyrsta flokks.
**Nánari uppl. Hilmar 892-9694**

## VÖRÐURSTÍGUR HFJ – EINBÝLI - 71,5 MILLJ.




**Opið hús þriðjudaginn 13.feb kl. 17:30-18:00**

Glæsilegt uppgert einbýlishús á þremur hæðum á einstökum stað í hjarta bæjarins.
Vandað nýtt eldhús, 4 herbergi.
Skjólgóð afgirt lóð með veröndum.

Einstök eign.

## ÖLDUSLÓÐ HFJ - HÆÐ - 53,9 MILLJ.




**Opið hús mánudaginn 12.feb. milli 17:00 til 17:30**

Sérlega smekkleg 5 herb. 144 fm hæð með bílskúr. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð undanfarin ár. s.s. innréttingar, gólfefni og raflagnir.

Góð eign. Stutt í skóla og leikskóla.

## STRANDGATA HFJ - NÝ STANDSETT 79 FM 43,9 MILLJ.



Glæsileg ný standsett íbúð í hjarta Hafnarfjarðar.

Ný 3ja herb. íbúð á efstu hæð með sérinngangi í ný uppgerðu timburhúsi.

Gluggar í þrjár áttir og aukin lofthæð.

Íbúðin er laus.

## STRANDGATA HFJ - NÝBYGGING - 79 FM 46,9 MILLJ.



Glæsilegt 3.herb. íbúð með sérinngangi í miðbæ Hafnarfjarðar.

Íbúðin skilast fullbúin. Íbúðin er óvenju björt með gluggum í þrjár áttir ásamt aukinni lofthæð.

Einstök eign. Laus til afhendingar.

## HAUSTAKUR GARÐABÆR - 110 FM - 51,7 MILLJ.



Sérlega falleg útsýnisíbúð á þessum eftirsótta stað. 2 rúmgóð svefnherbergi.

Íbúðin er á 2.hæð og er með sérinngangi. Stutt í skóla og leikskóla. Þetta er falleg eign sem vert er að skoða. Öll sameign er til fyrirmyndar. Fallegt útsýni.

## DRÁPUHLÍÐ REYKJAVÍK HÆÐ 55,9 MILLJ.



Fín 118 fm hæð vel staðsett í Hlíðarhverfinu.

Eign á eftirsóttum stað, eignin er mikið til í upprunalegu ástandi að innan.

Eignin er laus við kaupsamning.
**Nánari uppl. Hlynur 698-2603**

## KVISTAVELLIR HFJ – RAÐHÚS – 65 MILLJ.



Glæsilegt nýtt raðhús á einni hæð og skilast fullbúið að utan sem innan.

Húsið er 145 fm, þar af er 30 fm bílskúr. 3 svefnherb.

Fallegar og vandaðar innréttingar og tæki.
Traustir verktakar.

## BÆJARHRAUN – ATVINNUHÚSNÆÐI - VERÐTILBOÐ



Nýtt á sölu sérlega gott skrifstofu-/verslunarhúsnæði á best stað, örstutt frá Fjarðarkaupum í Hfj. Stærð 1400 fm. Miklir möguleikar. Frábær staðsetning, góð aðkoma og gott auglýsingagildi.

**Nánari uppl. Helgi Jón 893-2233**
**helgi@hraunhamar.is**

Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.


**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali


2014 – 2016 Framúrskarandi fyrirtæki



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## *Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

### *Mávahlíð 28. Góð 4ra herbergja risíbúð.*




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

4ra herbergja 82,0 fm. risíbúð í fjórbýlishúsi í Hlíðunum.

Rúmgóðar samliggjandi stofur (á teikningu herbergi og stofa). Tvö rúmgóð herbergi. Eldhús með fallegum hvítum innréttingum og góðri borðaðstöðu. Geymsluris yfir íbúðinni.

Sameign er nýlega teppalögð.

Húsið er nýlega steinað og gler og gluggar í öllu húsinu nýlegt.

**Verð 42,9 millj.**

### *Ystasel 24. Vandað og vel staðsett einbýlishús.*




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Virkilega fallegt 301,7 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum tvöföldum 45,6 fm. bílskúr á rólegum stað við Ystasel. Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð hið innra í gegnum tíðina og húsið var málað að utan árið 2016. Bjartar og glæsilegar stofur með mikilli lofthæð og útgengi á nýflotaðar svalir til norðurs. Sjónvarpsstofa. Fimm herbergi. Sólskáli með heitum potti. Húsið stendur á 700,0 fm. ræktaðri lóð með skjólsælli hellulagðri verönd til suðurs.

**Mögulegt væri að gera litla aukaíbúð á neðri hæð hússins.**

**Verð 94,9 millj.**

### *Bakkahjalli – Kópavogi. Vandað og vel staðsett parhús við opið svæði.*



Mjög fallegt og nýlega innréttað 249,8 fm. parhús á tveimur hæðum á rólegum stað innst í götu við opið svæði við Bakkahjalla.

Eignin var öll innréttuð árið 2007 úr vönduðum byggingarefnum í ljósum litum. Samliggjandi stórar stofur. Sjónvarpsstofa. Þrjú herbergi. Möguleiki er að gera herbergi í hluta sjónvarpsstofu. Útgengi á svalir til suðurs og vesturs úr stofum og eldhúsi.

Hellulögð innkeyrsla og stéttar fyrir framan hús með hitalögnum undir og stór og skjólsæl viðarverönd til suðurs fyrir neðan hús auk tyrfðrar flatar.

**Verð 99,5 millj.**

### *Kirkjusandur. Glæsileg útsýnisíbúð á efstu hæð. Tvennar svalir.*





Virkilega glæsileg 209,8 fm. útsýnisíbúð á efstu hæð við Kirkjusand að meðtöldum tveimur sér geymslum í kjallara og auk tveggja sér bílastæða í bílageymslu.

Tvennar svalir eru á íbúðinni, til norðurs og suðurs, og nýtur óviðjafnanlegs útsýnis frá eigninni yfir Sundin, að Esjunni, Akranesi og yfir borgina.

Eignin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt með ljósum sérsmíðuðum viðarinnréttingum.

**Aukin lofthæð er í íbúðinni, innfelld lýsing í loftum og arinn er í stofu.**

### *Skaftahlíð 4. 2ja herbergja íbúð. Laus til afhendingar strax.*




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.15 – 18.45

Falleg og rúmgóð 75,9 fm. íbúð í kjallara í góðu fjölbýlishúsi í Hlíðunum að meðtalinni sér geymslu. Nýleg gólfefni í stofu og nýr sturtuklefi á baðherbergi. Stofa með stórum gluggum til suðus. Rúmgott svefnherbergi einnig með stórum gluggum til suðurs.

**Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.**

**Verð 32,9 millj.**

### *Reynimelur 31. 4ra herbergja íbúð á efri hæð og í risi.*




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Vel skipulögð 98,4 fm. íbúð á tveimur hæðum með suðursvölum auk 50% hlutdeildar í 57,3 fm. bílskúr á baklóð og sér bílastæðis á lóð. Rúmgóð og björt stofa með gluggum í tvær áttir. Hjónaherbergi með fataherbergi innaf. Útgengi er úr hjónaherbergi á suðursvalir. Tvö svefnherbergi.

Verið er að klára að skipta um allt gler í húsinu og verður þeim framkvæmdum lokið af hálfu seljanda. Stór afgirt lóð með fallegum gróðri.

**Verð 51,9 millj.**

### *Fellsmúli 5. Góð 3ja herbergja íbúð.*




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Góð 73,8 fm. íbúð við Fellsmúla í góðu fjölbýlishúsi miðsvæðis í Reykjavík. Rúmgóð og björt stofa með gluggum til suðurs og vesturs. Tvö góð herbergi. Geymsla innan íbúðar. Snyrtileg sameign og frágengin lóð. Næg bílastæði á lóð.

**Fallegt og vel skipulagða íbúð miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu þar sem stutt er í alla verslun og þjónustu.**

**Verð 34,9 millj. .**

### *Kaplaskjólsvegur. Mikið endurnýjuð 5 herbergja íbúð.*



Björt og mikið endurnýjuð 5 herbergja íbúð á 4. hæð og í risi við Kaplaskjólsveg.

Eignin er með stórum gluggum til suðurs og skjólsælum suðursvölum. Harðparket á gólfum er frá 2014 og baðherbergi var verið að endurnýja. Setu- og borðstofa með útsýni að Reykjanesfjallgarði og víðar. Fjögur herbergi.

Íbúðin var öll máluð að innan fyrir 3 árum síðan og eldhúsinnréttingar eru hvítar, uppgerðar og fallegar.

**Verð 44,9 millj.**

### *Háteigsvegur. 4ra herbergja hæð.*



Afar sérstök og aðlaðandi 143,2 fm. 4ra herbergja hæð á frábærum stað við Háteigsveg. Hæðin er mjög rúmgóð með stórum herbergjum og stóru holi. Aukin lofthæð er í íbúðinni sem gefur henni evrópskt yfirbragð og tvennar svalir, til suðurs og vesturs. Möguleiki væri að bæta við fjórða svefnherberginu á hæðinni. Stór stofa með gluggum til suðurs. Útgengi á svalir til vesturs úr eldhúsi. Fallegur sameiginlegur stigagangur með rishæð. Sér útigeymsla staðsett í garðinum.**Eign sem kemur á óvart.**

**Verð 64,9 millj.**

### *Laufásvegur. Glæsileg íbúð með mikilli lofthæð.*



Glæsileg og björt 91,3 fm. íbúð á 2. hæð í fallegu timburhúsi við Laufásveg með fallegu útsýni yfir Reykjavíkurtjörn og víðar. Mjög mikil lofthæð er í íbúðinni og gifslistar og rósettur eru í loftum. Falleg gluggasetning er á íbúðinni og er hún virkilega björt. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð hið innra á sl. árum, m.a. gólfefni, baðherbergi, eldhúsinnrétting, raflagnir og tafla og settur gólfhiti í alla íbúðina. **Virkilega falleg og vel skipulögð eign sem vert er að skoða.**

**Verð 53,9 millj.**

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lgfs.

520 9595

Fasteignasalan TORG Garðatorgi 5 210 Garðabær www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur



Hafdís Sölustjóri 820 2222
Sigurður Fasteignasali 898 6106
Dórothea Fasteignasali 898 3326
Þorsteinn Fasteignasali 694 4700
Jóhanna Kristín Fasteignasali 698 7695
Árni Ólafur Fasteignasali 893 4416
Berglind Fasteignasali 694 4000
Jón Gunnar Sölufulltrúi 848 7099
Alexander Sölufulltrúi 695 7700
Sigríður Fasteignasali 699 4610
Garðar Fasteignasali 899 8811
Hrönn Sölufulltrúi 692 3344
Hólmgeir Lögmaður 520 9595
Þóra Fasteignasali 822 2225
Þorgeir Fasteignasali 696 6580
Hafliði Lögfræðingur 846 4960

## Hrísmóar 1
210 Garðabæ
**44.900.000**



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 13 .feb. kl. 17:30-18:00**

**Stærð:** 91,7 m²

Glæsilega 3ja til 4ra herbergja íbúð með tvennum svölum á annarri hæð í góðu l yftuhúsi.Alls er íbúðin skráð 91,7 fm og skiptist í forstofu, 3 svefnherbergi, rúmgott baðherbergi, þvottaherbergi, aðalrými með stofu, borðstofu, og eldhúsi. Útgengt úr tveimur herbergjum á rúmgóðar svalir, suður og vestur, aðrar yfirbyggðar.
**Upplýsingar veitir Hrönn sölufulltrúi í gsm:** 692 3344

## Berjarimi 12
112 Reykjavík
**39.900.000**



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 13. feb. kl. 18:30-19:00**

**Stærð:** 113,5 m²

Falleg, björt og mjög vel skipulögð íbúð á þriðju og efstu hæð ásamt stæði í lokaðri bílageymslu í Grafarvogi í Reykjavík. Stutt er í skóla, leikskóla og verslun. Eignin er skráð 113,5 fm. Þar er íbúðin 84,2 fm og bílskýli 29,3 fm. Í íbúðinni eru tvö góð svefnherbergi og þvottaherbergi er innan íbúðar. Svalir í vestur með afar fallegu útsýni yfir sundin blá. **Upplýsingar veitir Hrönn sölufulltrúi í gsm:** 692 3344

## Næfurás 5
110 Reykjavík
**82.000.000**





**OPIÐ HÚS mánudaginn 12. feb. kl. 17:30-18:00**

**Herbergi:** 7 **Stærð:** 251,9 m²

Vel viðhaldið 7 herbergja raðhús á þremur hæðum með innbyggðum bílskúr. Eignin er með fimm svefnherbergjum, fjögur á 2. hæð og eitt rúmgott herbergi í risi. Íbúðarýmið er 229,7 fm og bílskúr 22,2 fm samtals 251,9 fm. Neðri hæð er með forstofu, gestasalerni, eldhúsi, búri, stofu og borðstofu með útgengi út á verönd. Gengið er inn í bílskúr við anddyri. Efri hæð er með góðri lofthæð, svölum út frá gangi, fjórum rúmgóðum svefnherbergjum, fataherbergi ,baðherbergi og þvottahúsi með glugga. Í risi er vel yfir 40 fm herbergi með tveimur þakgluggum. Búið er að endurnýja flest gler í raðhúsinu og þakglugga í risi. Endurnýjuð hellulögð framan til og við innkeyrslu með hitalögn.
**Upplýsingar veitir Uppl. Dórothea fasteignasali í gsm:** 898 3326

## Vesturberg 72
111 Reykjavík
**36.900.000**



**OPIÐ HÚS miðvikudaginn 14.feb. kl: 17:30-18:00**

**Stærð:** 98 m²

Glæsilega fjögurra herbergja íbúð á annarri hæð í góðu fjölbýli við Vesturberg í Reykjavík. Íbúðin er alls skráð 98 fm og skiptist í forstofu, eldhús, þvottahús, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, og rúmgóða stofu. Mjög stutt er í alla helstu þjónustu, svo sem skóla, leikskóla, sundlaug og verslun.
**Upplýsingar veitir Hrönn sölufulltrúi í gsm:** 692 3344

## Stíflusel 14
109 Reykjavík
**39.900.000**



**OPIÐ HÚS miðvikudaginn 14. feb. kl: 18:30-19:00**

**Stærð:** 113,4 m²

Glæsilega fjögurra herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu fjölbýli við Stíflusel í Reykjavík. Íbúðin er alls skráð 113,4 fm og skiptist í forstofu, eldhús, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, og rúmgóða stofu. Suðursvalir, útsýni og stutt í skóla, leikskóla og alla helstu þjónustu.
**Upplýsingar veitir Hrönn sölufulltrúi í gsm:** 692 3344

## Garðatorg 6
210 Garðabæ
**74.900.000**





**OPIÐ HÚS mánudagginn 12. feb. kl. 17.00-17.30**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 121,1 m²

Ný og falleg. endaíbúð á þriðju og efstu hæð með aukinni lofthæð og stæði í bílakjallara í glæsilegu lyftuhúsi í miðbæ Garðabæjar. Frábært útsýni til suðurs og suðvesturs, Íbúðin afhendist fullbúin með gólfefnum. K-gler er í allri íbúðinni og mynddyrasími. Stórir og bjarti gluggar. Allar innréttingar og skápar eru sprautulakkaðar Schmidt innréttingar frá Parka. Eldhústæki frá AEG. Öll hreinlætistæki eru frá Grohe. Frábær staðsetning í hjarta Garðabæjar þar sem öll helsta þjónusta er í göngufæri.

**Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm:** 820 2222

## Holtsvegur 37
210 Garðabær
**64.900.000**

PENT-HOUSE





**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 13. feb. kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 100 m² 2xstæði í lokaðri bílageymslu

Stórglæsileg penthouse íbúð í nýju glæsilegu hverfi við Urriðaholsvatn. Íbúðinn er fullbúin með gólfefnum. Stórar þaksvalir eru frá íbúðinni á tvo vegu. Í eigninni eru tvö svenfherb. og baðherbergi m/sturtu og þvotta aðstöðu. Stórkoslegt útsýni. Vandaðar innréttingar frá Axis og Quarts steinn á borðum.

Eignin er tilbúin til afhendingar við kaupsamning!

**Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm:** 694 4000

## Þrastanes 6
210 Garðabæ
**117.900.000**





**OPIÐ HÚS mánudaginn 12. feb. kl. 18.00-18.30**

**Herbergi:** 7 **Stærð:** 265,6 m²

Fallegt og bjart 265.6 fm einbýlishús á pöllum með glæsilegu útsýni yfir borgina við Þrastanes í Arnarnesinu.

Eignin skiptist í forstofu, 2 baðherbergi, stofu og borðstofu, sjónvarpsrými, opið eldhús, 4 svefnherbergi, (möguleiki á 5 svefnherb.), gestasnyrting, þvottahús, og bílskúr. Allar innréttingar og hurðir eru sérsmíðaðar frá Borg frá Sauðarkróki. Lýsing er frá Lumex. Innkeyrslan er hellulögð með hitalögnum

**Upplýsingar veitir Þorgeir fasteignasali í gsm:** 696 6580

## Skipholt 70
105 Reykjavík
**42.500.000**

NÝBYGGING LYFTUHÚS



**OPIÐ HÚS mánudaginn 12. feb. kl. 17:30-18:00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 66,2 m²

Fasteignasalan TORG kynnir til sölu (Tilbúin til afhendingar) glæsilega fullbúna 3ja herb. íbúð í fallegu fjölbýli í Skipholti 70 í Reykjavík. Um er að ræða íbúð á annarri hæð merkt 203 sem er 66,2m2 og henni fylgja 12m2 svalir. Húsið er staðsett í grónu hverfi á frábærum stað þar sem blandað er saman íbúðum og þjónustu.
**Upplýsingar veitir Garðar Hólm fasteignasali í gsm:** 899 8811

## Hásteinsvegur 5
825 Stokkseyri
**49.800.000**



**BÓKIÐ SKOÐUN**

**Herbergi:** 5 **Stærð:** 209.1 m²

Fallegt einbýlishús við Hásteinsveg á Stokkseyri. Eignin er skráð 209,1 fm og þar af er bílskúrinn 57,8 fm. Húsið skiptist í forstofu, baðherbergi, stofu og borðstofu, eldhús, 4 svefnherbergi, þvottahús, geymslu og rúmgóðan tvöfaldan bílskúr.
**Upplýsingar veitir Þorgeir fasteignasali í gsm:** 696 6580

## Efstasund 16
104 Reykjavík
**38.700.000**



**BÓKIÐ SKOÐUN**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 74 m²

Falleg og vel skipulögð 3ja herbergja 74 fm íbúð á fyrstu hæð (miðhæð) í góðu fjölbýli. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, stofu og borðstofu, opið eldhús, 2 svefnherbergi og geymslu.
**Upplýsingar veitir Þorgeir fasteignasali í gsm:** 696 6580

# VIÐ VEITUM TOPP ÞJÓNUSTU

## HRINGDU OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ

## SÍMI 520 9595

## Lundur 7-13
200 Kópavogur

NÝJAR ÍBÚÐIR





**HAFÐU SAMBAND Í SÍMA 699-4610**

**Stærð:** 101,9-196,8 m²

Vandaðar 2ja til 4ra herbergja íbúðir stærð íbúðar er frá 101,9-196,8 fm. Fjölbýlishúsin við Lund 7-13 eru 5 til 6 hæða lyftuhús og öllum íbúðum fylgir stæði í lokaðri bílageymslu. Við hönnun íbúðanna er haft að leiðarljósi að hafa þær bjartar og rúmgóðar með stórum gluggum sem ná niður í gólf og hita í gólfum. Íbúðirnar skilast með innréttingum frá Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Húsin eru álklædd og eru því viðhaldslítil. Íbúðirnar með flísum á baðherbergjum og þvottahúsi en að öðru leyti án gólfefna.

„Markmiðið með ADS er að auka aðgengi að flugþjónustu á viðráðanlegu verði frá jaðarbyggðum. Að íbúar með heimilisfesti á skilgreindum jaðarsvæðum hafi betra aðgengi að stjórnsýslu, þjónustu og afþreyingu og stuðli að meiri félagslegri þátttöku í borgarsamfélaginu. Íbúar með lögheimili á skilgreindum landssvæðum fá aðgang að ADS og greiða 50% af flugfari sem í okkar tilfelli væri til Reykjavíkur. Í Skotlandi fá einnig ýmis félagasamtök s.s. góðgerðarfélög, íþróttafélög, björgunarsveitir o.fl. aðgang að ADS,“ segir í tillögu stjórnar KSÍ. – iþs

# Eyjamenn í góðri stöðu

**HANDBOLTI** ÍBV er komið með annan fótinn í 8-liða úrslit Áskorendabikars Evrópu eftir sjö marka sigur, 32-25, á ísraelska liðinu Ramhat Hashron á laugardaginn. Liðin mætast aftur í Ísrael laugardaginn 17. febrúar.

Eyjamenn voru marki yfir í hálfleik, 15-14, í leiknum í fyrradag en í seinni hálfleiknum tóku þeir völdin, unnu hann 17-11 og leikinn með sjö mörkum, 32-25. Staða ÍBV fyrir seinni leikinn er því afar góð.

Agnar Smári Jónsson og Sigurbergur Sveinsson voru markahæstir í liði ÍBV með sjö mörk hvor. Theodór Sigurbjörnsson skoraði sex mörk og Friðrik Hólm Jónsson fimm. Eyjavörnin var sterk í seinni hálfleik og Aron Rafn Eðvarðsson var öflugur þar fyrir aftan og varði hátt í 20 skot í leiknum. – iþs






## Merkisatburðir

**1049** Bruno varð Leó 9. páfi.

**1354** Stralsund-sáttmálinn festi landamærin milli hertogadæmanna Mecklenburg og Pommern.

**1832** Ekvador innlimaði Galápagoseyjar.

**1892** Afmælisdagur Abrahams Lincoln var valinn sem þjóðhátíðardagur Bandaríkjanna.

**1912** Kínverska keisaraekkjan Longyu sagði af sér fyrir hönd síðasta keisarans Puyi sem markaði endalok King-veldisins.

**1919** Skjaldarmerki Íslands var staðfest með konungsúrskurði. Merkinu var síðan breytt 17. júní 1944.

**1924** Calvin Coolidge varð fyrsti forseti Bandaríkjanna til að flytja ræðu í útvarpi.

**1940** Eldey var friðuð með lögum. Bannað var að ganga á eyjuna án leyfis ríkisstjórnarinnar og bannað að granda þar fugli.

**1950** Íslenska íþróttafélagið Breiðablik UBK var stofnað.

**1950** Samband evrópskra sjónvarpsstöðva var stofnað.

**1965** Hótel Holt í Reykjavík var opnað. Í öllum herbergjum, 36 að tölu, voru málverk eftir íslenska listamenn.

**1989** Í illviðri settist selta á einangrara í spennistöð á Geithálsi við Reykjavík sem olli rafmagnsleysi á öllu Íslandi.

**1994** Vetrarólympíuleikarnir 1994 hófust í Lillehammer í Noregi.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Cheg Wushueng Ywrée**

lést á Droplaugarstöðum þriðjudaginn 6. febrúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 14. febrúar kl. 14. Sérstakar þakkir eru til starfsfólks Droplaugarstaða fyrir einstaka umönnun.

**Óli Lin Kam Yu** — **Anna Yung Yueh Lin**
**Wing Wa Yu**
**Wing Kit Yu**
**Áki Kim Feng Yu** — **Dísa Chau Buu Truong**
**Ása Mei Ling Yu**
**Árni Rong Hao Yu**
**Ásgeir Rong Hui Yu**
**Ari Rong Liang Yu**
**Xiuyun Yu** — **Chuantong Wu**
**Deyi Wu** — **Anni Li**
**Kelly Wu**
**Yanping Wu**
**Linda Rós Wu**
**Yanzhen Wu** — **Bingshun Chen**
**Yuwei Chen og Shiru Chen**



Elskulegur bróðir okkar,

**Þórir Magnússon**

sem lést mánudaginn 29. janúar verður jarðsunginn frá Áskirkju þriðjudaginn 13. febrúar kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Hrefna Magnúsdóttir**
**Ragna Magnúsdóttir**
**Soffía Magnúsdóttir**
**Karl Höfðdal Magnússon**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Stefánsson**

bifvélavirkjameistari, Miðteigi 9, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 5. febrúar. Jarðarförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Stefán Sigurðsson**
**Eiríkur Sigurðsson** — **Ingibjörg Guðlaugsdóttir**
**Jóhann Rúnar Sigurðsson** — **Líney Björk Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Leiklistarskólinn Opnar dyr er tíu ára um þessar mundir. Þar hafa margir stigið út fyrir þægindarammann.** FRÉTTABLAÐIÐ/OPNAR DYR

# Finna frelsið og nýja sýn á lífið í gegnum leiklistina

**Í ár er leiklistarskólinn Opnar dyr 10 ára. Vorið 2008 kom fyrsti hópurinn á námskeið fyrir fullorðna hjá skólanum sem er rekinn af Furðuleikhúsinu. Fyrst voru námskeiðin styttri eða einu sinni í viku í fimm vikur. Nú eru þau að öllu jöfnu í sjö til tíu vikur.**

„Það er allt að gerast. Nýtt námskeið að byrja á morgun meira að segja,“ segir Ólöf Sverrisdóttir en hún ásamt Ólafi Guðmundssyni hefur starfrækt leiklistarskólann Opnar dyr í áratug. Skólinn er fyrir fullorðna, allt frá 17 ára aldri og upp úr. Á þessum árum hafa þau látið fjölda manns stíga út fyrir þægindahringinn sinn og segir Ólöf að það eitt sé stórt skref í átt til frelsis og óheftari tjáningar.

„Þetta er fyrir alla þá sem vilja en það eru ekki margir sem hafa komið sem eru eldri en 70 ára. Þetta er skemmtilegt þegar blandast. Núna eru komnar bókanir frá einum sem er nýorðinn 17 ára og einni sem er orðinn fimmtug.“ Leiklistarskólinn Opnar dyr eða námskeiðin á vegum skólans einbeita sér að æfingum sem opna fyrir sköpunarflæði og leikgleði á sama tíma og nemendur læra leik og spunaæfingar sem nýtast þeim jafnt í leiklistinni og lífinu sjálfu.

„Það er alls konar fólk að koma. Sumir sem eru á leiðinni til útlanda að læra eða vilja komast í áhugamannaleikhús en líka fólk sem er að koma og gera eitthvað skemmtilegt og hrista upp í tilverunni. Brjótast út úr hefðbundinni hegðun og



**Það er mikið stuð á æfingum hjá leiklistarskólanum Opnar dyr.**

stíga út fyrir þægindaramman. Þeir eru að fá mikið út úr þessum námskeiðinu því þeir finna frelsið og fá orku og sjálfstraust. Aðrir hafa skipt um atvinnu eftir þetta. Viðskiptafræðingur hætti og fór að læra jóga. Sagði að þetta hefði bjargað lífi hans. Honum fannst hann sjá aðrar hliðar á lífinu.“

Hún bendir á að þegar fólk stígur út úr þægindarammanum þá uppgötvi það nýjar hliðar á sjálfu sér. „Það er ýmislegt sem fólk segir við okkur. Við notumst við spuna til að takast á við aðstæður í lífinu. Fólk verður þá opið og tilbúið að takast á við hvað sem er.“

Hún segir að það taki ekki langan tíma að ná tökum og strax í þriðja tíma eru þau farin að sjá mikinn mun á fólki. „Þá er fólk komið á annan stað. Við erum með æfingar sem losa um hömlur og það sem er að stoppa fólk af. Það þarf að þora. Um leið og rútínan er brotin upp þá losnar um fólk.“

Byrjendanámskeiðið hefst á morgun í Listdansskólanum við Engjateig. Námskeiðið er eingöngu í sjö skipti í þetta sinn. Þau Ólafur og Ólöf eru bæði hámenntuð í leiklist og leiklistarkennslu.

„Ef einhvern langar en er eitthvað feiminn eða óöruggur þá á hann auðvitað að skella sér á námskeiðið. Þetta námskeið hjálpar fólki að finna öryggi í sjálfu sér og blómstra í lífinu. Sköpunargleði og frjáls tjáning hjálpa nemendum að njóta augnabliksins og til að treysta sjálfum sér í öllum aðstæðum.“

**benediktboas@365.is**

ÞETTA GERÐIST: 12. FEBRÚAR 2004

## Skilnaður skekur dúkkuheiminn

Ótrúlegt en satt þá eru orðin 14 ár síðan einhver óvæntasti skilnaður allra tíma átti sér stað. Mattel-fyrirtækið tilkynnti þá að sjálf Barbie og Ken væru hætt saman eftir að hafa verið par í 43 ár.

Dúkkuunnendur voru harmi slegnir en saman hafði parið átt margar gullstundir saman. Það voru ekki allir jafn vissir um að skilnaðurinn væri endanlegur og sögðu þetta aðeins ömurlegt bragð hjá Mattel til að reyna að auka sölu á Barbie sem hafði dregist hratt og örugglega saman.

Ekki leið á löngu þar til Barbie, sem



**Barbie ásamt vinkonu sinni að fara í pottinn til að slaka á.** NORICPHOTOS/GETTY

heitir fullu nafni Barbie Millicent Roberts var komin með annan mann upp á arminn. Sá hét Blaine og var frá Ástralíu og stundaði brimbretti af miklum móð. Sjálf valdi hún þó ekki sinn nýja mann því almenningur greiddi atkvæði til að velja kauða.

Um tvær milljónir tóku þátt í atkvæðisgreiðslunni sem fyrirtækið stóð fyrir á heimasíðunni sinni.

Barbie leit fyrst dagsins ljós árið 1959. Mismunandi útgáfur af henni eru enn fáanlegar í yfir 150 löndum víðsvegar um heiminn. **– bb**

# Líttu við í Ormsson

95 ÁRA

Fyrirtækið var stofnað 1. desember 1922

## AEG

Kraftmiklu og hljóðlátu ryksugurnar



Minnum á ryksugupokana.

## Tefal

Talent Pro

30%



## Tefal

*Gerið góð kaup!*



**POTTASETT**

**5 POTTAR MEÐ LOKI**

**kr. 24.900,-**

## BRAUN

Rakvélar, hársnyrtitæki og rafmagnstannburstar í góðu úrvali.



## NIVONA

*Gerið góð kaup!*



Alsjálfvirk, afkastamikil og endingagóð kaffivél til heimilisnota.

6 ára reynsla á Íslandi

NIVONA 530

kr. 69.900,-

## brabantia Bo Touch Bin



Verum til fyrirmyndar og flokkum ruslið með Bo

## brabantia

## Þrifalegu ruslaföturnar

Margar stærðir, gerðir og litir. Pokar og ilmspjöld á lager.



95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-15.**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

# ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun ORMSSON.IS

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Suðlæg átt, 5-13 m/s með éljum á morgun, en bjart norðan og austan til. Kólnar í veðri, frost 2 til 12 stig um kvöldið, kaldast í innsveitum.




## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -6° | -5° |
| ↓ 8 | ← 7 | ↙ 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | -0° | -6° |
| ↙ 16 | ↙ 14 | ↙ 15 |

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -1° | -2° |
| ↙ 9 | ↙ 14 | ↙ 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° | 1° | -5° |
| ← 22 | ↖ 7 | ↙ 8 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 6 | | 2 | | | | |
| | | | | | 1 | | 9 | 5 |
| | 5 | | | 3 | | | 1 | |
| 6 | | | 3 | 9 | | | 8 | |
| 3 | 4 | | 2 | | | | 6 | |
| | | 2 | 4 | 6 | | | | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | | | | | |
| | | | | | | | 4 | 3 |
| 1 | 2 | | | | | 7 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | 9 | | 5 | | | 7 |
| | | 4 | | 6 | | | 5 | 9 |
| | 3 | | | | | | | |
| | 8 | | 3 | | | | 6 | 1 |
| | 6 | | 5 | | | | 3 | |
| | | 7 | | 1 | 6 | | | |
| | | 8 | | 3 | | 9 | | |
| 1 | | | | | 2 | 6 | | |
| 5 | | | | 9 | 7 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | | | | 1 |
| 3 | 9 | | | 4 | 7 | | | 6 |
| 7 | | 1 | | 8 | 6 | 3 | | |
| | 3 | | | | | 8 | | |
| | 6 | 7 | | | | | 3 | 4 |
| | | | | | | | | 2 |
| | 8 | 3 | | 1 | | | 2 | |
| | | 4 | | | | 5 | 6 | |
| | 7 | | 9 | 3 | | | 4 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 3 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 1 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 2 | 1 | 5 | 9 | 4 | 8 |
| 8 | 4 | 9 | 3 | 7 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 9 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 |
| 2 | 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 1 | 4 | 7 |
| 7 | 8 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 9 |
| 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 1 | 6 | 7 | 5 | 2 |
| 5 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 |
| 6 | 1 | 5 | 2 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 9 | 4 | 7 | 3 | 8 | 1 | 6 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 2 | 4 | 9 |
| 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 2 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 6 |
| 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 7 | 5 | 1 | 8 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 8 | 5 | 4 | 7 | 3 |
| 7 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 9 | 6 | 2 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 9 | 8 | 6 | 2 | 4 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. ávítur
5. seyði
6. rómversk tala
8. talía
10. stríðni
11. bót
12. mögl
13. ríki í arabíu
15. hið liðna
17. þyrping.

**LÓÐRÉTT**
1. ástir
2. landabréf
3. sprei
4. ríki í afríku
7. letilíf
9. hlífðarflík
12. kk nafn
14. stormur
16. svell.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. ákúra, 5. soð, 6. lm, 8. trissa, 10. at, 11. vík, 12. kurr, 13. íran, 15. fortíð, 17. klasi. **LÓÐRÉTT:** 1. ástalíf, 2. kort, 3. úði, 4. alsír, 7. makræði, 9. svunta, 12. karl, 14. rok, 16. ís.

## Skák Gunnar Björnsson

Hilmir Freyr Heimisson átti leik gegn Vestby-Ellingsen á NM í skólaskák sem fram fór um helgina í Finnlandi.

**Svartur á leik**

**30...Hxf2+!! 31. Kxf2 Dg2#**

**0-1.** Hilmir Freyr varð Norðurlandameistari í flokki 16-17 ára. Oliver Aron Jóhannesson var Norðurlandameistari í flokki 18-20 ára. Jón Kristinn Þorgeirsson fékk brons í sama flokki.

**www.skak.is:** Allt um NM í skólaskák.



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










Coca-Cola
LAUGARÁS BÍÓ – bara lúxus –
5% midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

FIFTY SHADES FREED – Sýnd kl. 8, 10.15
MOLLY'S GAME – Sýnd kl. 10.30
LÓI – Sýnd kl. 5.30
MAZE RUNNER – Sýnd kl. 8
THE COMMUTER – Sýnd kl. 10.40
PADDINGTON 2 – Sýnd kl. 5.30
JUMANJI – Sýnd kl. 5.30

LAUGARÁSBÍÓ KYNNIR NÝ VIÐMIÐ Í BÍÓUPPLIFUN Á ÍSLANDI
AXL
DOLBY ATMOS LUXURY · LASER

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

Nýjasta mynd Clint Eastwood – THE 15:17 TO PARIS – Hörkuspennandi mynd byggð á sönnum atburðum
Dakota Johnson, Jamie Dornan – FIFTY SHADES FREED – Ekki missa af lokakaflanum
Helen Mirren, Jason Clarke – Hörkuspennandi spennuhrollvekja um eitt mesta draugahús Bandaríkjanna – WINCHESTER – Byggð á sannri sögu
Gary Oldman – ★★★★★ ★★★★★ – 6 ÓSKARS-TILNEFNINGAR – Þ.Á.M. BESTA MYNDIN, BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI – DARKEST HOUR
STREEP – Meryl Streep og Tom Hanks í nýrri stórmynd frá Steven Spielberg – The Post – 2 ÓSKARS-TILNEFNINGAR – BESTA MYNDIN, BESTA LEIKKONAN -MERYL STREEP – HANKS

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE 15:17 TO PARIS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| THE 15:17 TO PARIS VIP | KL. 5:50 - 8 | VIP |
| WINCHESTER | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | 16 |
| WINCHESTER VIP | KL. 10:10 | VIP |
| DEN OF THIEVES | KL. 5:40 - 8:30 - 10:10 | 16 |
| THE POST | KL. 8 | 6 |
| ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |
| STAR WARS 2D | KL. 5:20 - 8:30 | 12 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU – Google play – App Store

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| BLING ÍSL TAL | KL. 5:30 | L |
| THE 15:17 TO PARIS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| WINCHESTER | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| DARKEST HOUR | KL. 8 - 10:40 | 9 |
| THE POST | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 6 |
| ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| FIFTY SHADES FREED | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| DARKEST HOUR | KL. 5 - 7:40 - 10:20 | 9 |
| THE POST | KL. 6:30 - 9 | 6 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE 15:17 TO PARIS | KL. 8 | 12 |
| FIFTY SHADES FREED | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| WINCHESTER | KL. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE 15:17 TO PARIS | KL. 8 - 10:35 | 12 |
| WINCHESTER | KL. 10:10 | 16 |
| DARKEST HOUR | KL. 8 | 9 |
| THE POST | KL. 5:30 | 6 |
| ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |

Gerard Butler, O'Shea Jackson Jr., 50 Cent – DEN OF THIEVES
ÆVINTÝRI Í UNDIRDJÚPUM – Sýnd með íslensku tali

# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 12. FEBRÚRAR 2018

### Tónlist

**Hvað?** Grey Alone
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Hinn ófyrirsjáanlegi gítarleikari Grey McMurray kemur fram undir ýmsum nöfnum og hefur unnið með allmörgum þekktum hópum á borð við So Percussion, Meshell Ndegeocello, Shara Worden, John Cale, Gil Scott-Heron, Alarm Will Sound, Colin Stetson og Beth Orton. Í Mengi kemur hann fram sem Grey Alone og spilar lög sem hann vonar að framkalli gleðitár í augum ókunnugra.

### Viðburðir

**Hvað?** Bókamarkaður
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Norræna húsið
Forvitnilegar og spennandi bækur á norðurlandamálum fyrir börn, ungmenni, og fullorðna, skáldsögur, barnabækur, fræðibækur og flott plakót frá ýmsum viðburðum í Norræna húsinu. Sérstaklega er mikið af nýjum og nýlegum bókum á norsku og sænsku.

**Hvað?** Fyndnasti háskólaneminn 2018
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Lengi hefur verið sagt að hláturinn lengi lífið og við ætlum svo sannarlega að sannreyna það núna í febrúar þegar ein stærsta uppistandskeppni landsins fer fram. Þessi keppni sker úr um hver er fyndnastur í Háskóla Íslands! Nemendur munu láta reyna á leikni sína í að láta aðra veltast um af hlátri eða frussa út úr sér bjórnum með misgóðum árangri en þetta er klárlega viðburður sem enginn vill missa af!

**Hvað?** Markmiðasetning í Meistaramánuði
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Íslandsbanki, Hagasmára
Í dag munu eigendur Munum dagbókarinnar, þær Erla Björnsdóttir, sálfræðingur og dr. í líf- og læknavísindum, og Þóra Hrund Guðbrandsdóttir, viðskipta- og markaðsfræðingur, fjalla um markmiðasetningu, tímastjórnun og jákvæða sálfræði í útibúinu okkar í Norðurturni. Viðburðurinn er opinn öllum sem hafa áhuga, en takmarkaður sætafjöldi er í boði.




**Keppnin Fyndnasti háskólaneminn fer fram í dag í Stúdentakjallaranum og vafalaust margt bráðfyndið sem fær að fjúka þar.**

### Sýningar

**Hvað?** Fagra veröld
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Mokka-kaffi, Skólavörðustíg
Á sýningunni „Fagra veröld“ er viðfangsefni Kristjáns Jóns íslenska náttúran. Þetta eru léttar vatnslitamyndir af því sama sem Jónas orti um í hulduljóðum sínum, blómum og gróðri. Kristján Jón gekk í Handíða og myndlistaskólann 1961-1964 og Statens Håndverks og kunstindustriskole 1965-1967.

**Hvað?** Kann frekar vel við þig en samt ekki – Kristín Dóra
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Hitt húsið
Áhrif popptónlistar á mannshugann er eins og áhrif hita á eitt stakt poppkorn, það stækkar, fær nýjan tilgang og verður aldrei eins. Á sýningunni skoðar Kristín Dóra sannleikann og hreinskilnina í poppinu. Lagið Hlið við hlið með Friðriki Dór var Kristínu mikill innblástur og er titill sýningarinnar fenginn úr því.

**Hvað?** Myrkraverk
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Á sýningunni eru verk listamanna sem hafa fengið innblástur úr þjóðsögum og ævintýrum eða skapað sinn eigin huliðsheim. Hvort tveggja endurspeglar mannlega tilvist, samskipti, tilfinningar og hugarástand. Sýningin er uppfull af dularfullum og spennandi verkum sem kveikja á ímyndunaraflinu einmitt á myrkasta tíma ársins.

**Hvað?** Kjarval: Líðandin – la durée
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Á sýningunni eru mörg sjaldséð verk, einkum frá fyrri hluta starfsævi Jóhannesar Sveinssonar Kjarval (1885-1972).

**Hvað?** Í hlutarins eðli – skissa að íslenskri samtímalistasögu [1.0]
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Efnisheimurinn er viðfangsefni nokkurra valinna verka úr safneign Listasafns Reykjavíkur. Náttúrufyrirbæri, manngerðir hlutir og ýmiss konar efni liggja til grundvallar með tilliti til eiginleika, eðlis, merkingar og gildis. Sýningin er hluti nokkurs konar skissuvinnu Listasafns Reykjavíkur að íslenskri samtímalistasögu. Hugmyndin er að safnið haldi áfram að velja verk úr safneigninni og setja í samhengi tilraunar til að skrifa listasöguna jafnóðum.

**Hvað?** Undir - Steingrímur Gauti Ingólfsson
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Bókasafn Mosfellsbæjar
Fyrsta sýning nýs árs í Listasal Mosfellsbæjar er Undir, einkasýning Steingríms Gauta Ingólfssonar. Steingrímur Gauti er fæddur árið 1986 og hefur verið virkur í sýningarhaldi síðan hann útskrifaðist úr Listaháskólanum árið 2015. Í Listasalnum eru sýnd ný verk, en Steingrímur Gauti gerir aðallega tilraunakennd abstraktmálverk.

BÍÓ ★ PARADÍS – ÓÞEKKTI HERMAÐURINN
BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Óþekkti hermaðurinn | 17:30, 20:00 |
| Wild Mouse | 18:00 |
| Three Billboards Outside Ebbing Missouri | 17:30, 22:30 |
| Call Me By Your Name | 20:00, 22:30 |
| In The Fade | 20:00 |
| Svanurinn ENG SUB | 22:15 |

BÍÓ ★ PARADÍS – WILD MOUSE




**UM LAND ALLT**
KL. 19:25

Kristján Már Unnarsson snýr aftur með þessa frábæru þætti þar sem hann heimsækir samfélög vítt og breitt um landið. Í þessum fyrsta þætti heimsækir Kristján Már Ísafjörð ásamt Ólínu Þorvarðardóttur og Sigurði Péturssyni.

Magnað
**Mánudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**GRAND DESIGNS: HOUSE OF THE YEAR**
KL. 20:05

Sérlega smart þættir þar sem við fáum innlit í nokkur glæsilegustu hús Bretlands. Flottir þættir fyrir sanna fagurkera og þá sem hafa áhuga á fallegri byggingarlist.



**THE PATH**
KL. 20:55

Þrælgóðir þættir um Eddie Lane sem gekk í öfgafullan sértrúarsöfnuð. Hann er nú milli steins og sleggju því hann hefur kynnst spillingunni sem söfnuðinum fylgir.






**CARDINAL**
KL. 21:50

Sögusviðið er sem áður smábær í Alqonquin-flóa í Kanada þar sem rannsóknarlögreglumennirnir John Cardinal og Lise Delorme takast á við sérlega flókin og ofbeldisfull sakamál.

**MOSAIC**
KL. 22:35

Hver myrti Oliviu Lake? Saga hennar hefst þegar líf hennar endar og reynt að finna morðingjann með öllum ráðum. Hörkuspennandi þættir úr smiðju HBO með Sharon Stone í aðalhlutverki.





Allt þetta og meira til
á aðeins **333 kr. á dag.**
**365.is**

# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Kalli kanína og félagar
**07.40** The Middle
**08.05** 2 Broke Girls
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Masterchef USA
**10.15** Hell's Kitchen
**11.00** Kevin Can Wait
**11.25** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**11.50** Empire
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**13.45** American Idol
**14.30** American Idol
**15.15** American Idol
**16.10** The Bold Type
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Um land allt
**20.00** Grand Desings: House of the Year
**20.50** The Path
**21.45** Cardinal
**22.30** Mosaic
**23.20** Lucifer
**00.50** Gone Hörkuspennandi þættir sem fjalla um Kit eða Kick Lanigan sem var eitt sinn fórnarlamb barnsræningja og Frank Novak sem bjargaði henni á sínum tíma. Í dag vinna þau saman í sérstöku teymi innan bandarísku alríkislögreglunnar sem sérhæfir sig í mannsránum og mannshvörfum og eru í nánu samstarfi við fyrrverandi fulltrúa í leyniþjónustu hersins. Saman ná þau oft einstökum árangri þar sem hvert þeirra hefur eitthvað sérstakt til málanna að leggja.
**01.35** Blindspot
**02.20** Knightfall
**03.05** Bones
**03.50** Six
**04.30** Six
**05.15** Six

## STÖÐ 2 SPORT

**07.55** Messan
**09.25** Tottenham - Arsenal
**11.05** ÍR - Selfoss
**12.35** Boston Celtics - Cleveland Cavaliers
**14.30** Newcastle - Manchester United
**16.10** Southampton - Liverpool
**17.50** Messan
**19.20** Spænsku mörkin 2017/2018
**19.50** Chelsea - WBA
**22.00** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2017/2018
**22.25** Football League Show 2017/18
**22.55** Grindavík - Njarðvík

## STÖÐ 2 SPORT 2

**06.55** Þór Þ. Tindastóll
**08.35** Aston Villa - Birmingham City
**10.15** Millwall - Cardiff City
**11.55** Barcelona - Getafe
**15.15** MD í hestaíþróttum - Samantekt 2018
**16.00** KR - Grindavík
**17.40** Domino's körfuboltakvöld 2017/2018
**19.20** Haukar - Afturelding
**21.00** Spænsku mörkin 2017/2018
**21.30** Seinni bylgjan
**23.05** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2017/2018
**23.30** Chelsea - WBA

## STÖÐ 3

**18.00** Fresh off the Boat
**18.25** Pretty Little Liars
**19.05** Modern Family
**19.30** Entourage
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Angie Tribeca
**21.15** American Horror Story: Cult
**22.00** The Last Ship
**22.45** iZombie
**23.30** The Strain
**00.45** Modern Family
**01.05** Seinfeld
**01.30** Friends
**01.55** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.25** Hvellur keppnisbíll
**07.37** Ævintýraferðin
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** Stóri og litli
**08.13** Víkingurinn Viggó
**08.27** K3
**08.38** Mæja býfluga
**08.50** Tindur
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur og félagar
**11.00** Strumparnir
**11.25** Hvellur keppnisbíll
**11.37** Ævintýraferðin
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** Stóri og Litli
**12.13** Víkingurinn Viggó
**12.27** K3
**12.38** Mæja býfluga
**12.50** Tindur
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur og félagar
**15.00** Strumparnir
**15.25** Hvellur keppnisbíll
**15.37** Ævintýraferðin
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** Stóri og Litli
**16.13** Víkingurinn Viggó
**16.27** K3
**16.38** Mæja býfluga
**16.50** Tindur
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.55** Rasmus Klumpur og félagar
**19.00** Maddit

**Mörgæsirnar kl. 09.24, 13.24 og 17.24**



## GOLFSTÖÐIN

**08.10** PGA Tour 2018
**13.40** Golfing World 2018
**14.30** PGA Tour 2018
**20.00** PGA Highlights 2018
**20.55** Pure Silk Bahamas
**00.10** PGA Highlights 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.00** Phil Spector
**13.30** Evan Almighty
**15.05** The Pursuit of Happyness
**17.00** Phil Spector
**18.30** Evan Almighty
**20.05** The Pursuit of Happyness
**22.00** 99 Homes
**23.50** Solace
**01.40** Return to Sender

## RÚV

**10.10** ÓL 2018: 10 km skíðaskotfimi kvenna
**11.00** ÓL 2018: Snjóbrettafimi kvenna
**12.00** ÓL 2018: 12.5 km skíðaskotfimi karla
**12.50** ÓL 2018: Skíðastökk kvenna
**14.20** ÓL 2018: Stórsvig kvenna - seinni ferð
**16.00** Stephen Fry í Mið-Ameríku
**16.50** Silfrið
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Elías
**18.12** Skógargengið
**18.23** Letibjörn og læmingjarnir
**18.30** Alvin og íkornarnir
**18.41** Millý spyr
**18.48** Gula treyjan
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Stephen Fry í Mið-Ameríku
**20.55** Brúin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** ÓL 2018: Samantekt
**22.35** Grikkland hið forna
**23.35** Kastljós
**23.50** Menningin
**00.00** ÓL 2018: 12.5 km skíðaskotfimi karla
**01.00** ÓL 2018: Snjóbrettafimi kvenna
**02.30** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.50** Superior Donuts
**14.15** Scorpion
**15.00** Speechless
**15.20** The Fashion Hero
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** Playing House
**20.10** Jane the Virgin
**21.00** The Disappearance
**21.50** Blue Bloods
**22.35** Chance
**23.25** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.45** CSI
**01.30** Madam Secretary
**02.15** The Orville
**03.05** The Gifted
**03.50** Ray Donovan
**04.40** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




# RÝMINGARSALA Á VÖLDUM LITUM ÚR PRIMA VÖRULÍNUNNI







**35% afsláttur af öllu Prima Hlyn, Beyki, Grárri eik, Kirsuberja og kaffibrúnum. Tilboð gildir ekki af rafmagnsborðum.**



| VERÐDÆMI | *Litur* | *Verð áður* | *Verð nú* |
|---|---|---|---|
| Há möppuhilla með rennihurðum | *Hlynur* | 58.500 | **37.900** |
| Lág möppuhilla með rennihurðum | *Hlynur* | 40.900 | **25.900** |
| Millihá möppuhilla með skúffum | *Hlynur* | 45.500 | **28.900** |
| Há möppuhilla | *Beiki* | 49.500 | **31.900** |
| Lág möppuhilla | *Beiki* | 29.800 | **18.900** |
| Skrifborð 120x80 | *Hlynur* | 34.200 | **21.900** |
| Skrifborð 150x80 | *Beiki* | 36.800 | **23.900** |

MYNDFORM GRAFÍK

# Hirzlan

Þið finnið okkur á Facebook

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is














Lára G. Sigurðardóttir og Sigríður Arna Sigurðardóttir buðu í opnunarhóf. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Skáluðu fyrir nýrri húðmeðferðarstofu

**Lára G. Sigurðardóttir**, læknir og pistlahöfundur, og Sigríður Arna Sigurðardóttir, hjúkrunar- og snyrtifræðingur, opnuðu nýlega húðmeðferðarstofuna HÚÐIN skin clinic. Þær stöllur buðu af því tilefni í partí á föstudaginn þar sem vinir þeirra og vandamenn skáluðu.


Jóhann Alfreð hélt uppi stuðinu og sagði brandara um húðina.


Egill Þorsteinsson, Agnes Matthíasdóttir og Guðrún Svava.


Ólöf, Ragnheiður og Kolbrún settu sig í stellingar fyrir ljósmyndara.


Þorgerður og Erla létu sig ekki vanta.

# Raunveruleikaþættir um Beckham-fjölskylduna sagðir á leiðinni

Fatahönnuðurinn Victoria Beckham er sögð vera í samningaviðræðum við sjónvarpsstöðina E! og fregnir herma að raunveruleikaþáttur um Beckham-fjölskylduna sé í bígerð.

Victoria Beckham er gift fyrrverandi fótboltakappanum David Beckham og saman eiga þau fjögur börn. Aðdáendur þeirra fá mögulega innsýn inn í daglegt líf þeirra ef raunveruleikaþáttur E! verður að veruleika.

**FREGNIR HERMA AÐ BECKHAM-FJÖLSKYLDAN VILJI VEITA AÐDÁENDUM SÍNUM INNSÝN INN Í LÍF SITT Í GEGNUM RAUNVERULEIKAÞÁTT.**

Heimildarmaður breska slúðurblaðsins Daily Star leysti frá skjóðunni og sagði að Victoria vildi sýna fólki nýja hlið á sér.

Þess má geta að árið 2007 gerði sjónvarpsstöðin NBC tilraun til að framleiða raunveruleikaþætti um líf og tilveru Victoriu. Upphaflega átti að gefa út sex þætti undir yfirskriftinni Victoria Beckham: Coming to America en framleiðendur höfðu ekki úr nægu efni að moða og enduðu á að gefa út stutta heimildarmynd í staðinn. Myndin fékk slæma dóma. – gha



**Victoria er sögð vera í samningaviðræðum við E!.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Burberry-kápan kostar tæpar 640.000 íslenskar krónur.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Rosie alltaf í lit þessa dagana

Breska fyrirsætan Rosie Huntington-Whiteley þykir afar smekkleg og flott klædd. Undanfarið hefur Rosie gjarnan klæðst litríkum fötum, þá einna helst bláum og rauðum, og fengið toppeinkunn hjá tískusérfræðingum fyrir fataval. Á föstudaginn klæddist hún til að mynda þessari túrkísbláu ullarkápu frá Burberry og var með skærgula tösku frá Loewe við. Nú rokselst kápan úr vefverslun Burberry og er uppseld í flestum stærðum. – gha

## Gaf fimm milljónir

Rapparinn Drake er örlátur maður en hann gaf nýverið Lotus House Shelter, skýli fyrir heimilislausar konur og börn í Flórída, dágóða peningasummu. Um upphæð sem nemur rúmum fimm milljónum íslenskra króna er að ræða.

Umsjónarfólk Lotus House greindi frá þessu á Instagram í seinustu viku. „Með þessu framlagi munum við geta framreitt svo margar máltíðir,“ stóð í færslunni.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími: 696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is



# 5 DAGA HELGAR SPRENGJA
## LÝKUR Í DAG MÁNUDAG



**STILO**
Hægindastóll með skammeli. Fáanlegur í svörtu, koníaksbrúnu og rauðu Savoy leðri og dökkbláu, fjólubláu og Dusty grænu sléttflaueli.

Stilo hægindastóll í leðri með skammeli
**169.990 kr.**
~~239.980 kr.~~

Stilo hægindastóll í flaueli með skammeli
**119.990 kr.** ~~174.980 kr.~~



**GOTHERBERG**
Nettur hægindastóll í klassískum stíl. Brúnt leður split.

**79.990 kr.**
~~109.990 kr.~~



**WINDSOR**
2ja og 3ja sæta sófi og stóll. Burgundyrautt leður.

| 2ja sæta sófi: | 3ja sæta sófi: | Hægindastóll: |
|---|---|---|
| 158 x 93 x 79 cm | 198 x 93 x 79 cm | 110 x 93 x 79 cm |
| **99.990 kr.** | **134.990 kr.** | **169.990 kr.** |
| ~~159.990 kr.~~ | ~~209.990 kr.~~ | ~~259.990 kr.~~ |

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
558 1100






Tvítugu tvíburasysturnar Elín og Hrefna segja stundum vesen að vera eineggja tvíburar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Getur verið vesen að vera eineggja tvíburar

Það að vera eineggja tvíburar getur stundum verið bölvað vesen. Þetta segja tvíburasysturnar **Hrefna Ósk Jónsdóttir** og **Elín Hrönn Jónsdóttir**. Þær eru aldrei langt undan hvor annarri enda eru þær í sömu vinnunni, sama leikfélaginu og deila vinahóp.


Guðný Hrönn Antonsdóttir
gudnyhronn@frettabladid.is




Tvíburasysturnar Hrefna Ósk og Elín Hrönn Jónsdætur eru óneitanlega afar líkar í útliti og hátterni og kunna margar skemmtilegar sögur um hvaða ruglingi það hefur valdið.

„Ég er til dæmis alltaf að lenda í því að segja vinkonum mínum einhverja sögu og þær segja: „æji, hún Hrefna var að enda við að að segja okkur þetta.“ Við erum alltaf saman og upplifum alltaf það sama þannig að við erum alltaf að segja fólki í kringum okkur sömu sögurnar,“ segir Elín.

„Já, allir vinir okkar fá að heyra sömu sögurnar tvisvar og eru orðin frekar þreyttir á því,“ segir Hrefna og hlær.

Þess má geta að systurnar eru í sama vinahóp, sama leiklistarhóp og meira að segja í sömu vinnunni. „Við gerum allt saman og erum með sömu áhugamálin,“ segir Hrefna og Elín tekur undir með henni.

Systurnar segja að flestir nánir vinir þeirra og fjölskyldumeðlimir þekki þær í sundur á meðan sumir sjái aldrei muninn. „Sumir ná þessu aldrei.“

> **VIÐ VINNUM REYNDAR HJÁ KJÖRÍS OG ERUM MEÐ HÁRNET Í VINNUNNI, ÞANNIG AÐ KLIPPINGIN GERIR EKKI MIKIÐ ÞAR.**
>
> Elín Hrönn Jónsdóttir

Beðnar um að rifja upp atvik þar sem líkindi þeirra ollu veseni segir Elín: „Til dæmis í fermingunni okkar þá ætlaði presturinn ekki að þekkja okkur í sundur. Hann var alls ekki viss. Við þurftum að gefa honum merki um hvor væri hvað í athöfninni.“

„Svo á Hrefna kærasta og ég lenti í því tvisvar sama daginn að hann hélt að ég væri hún,“ segir Elín og systurnar hlæja. „Hann þekkir okkur samt alveg í sundur,“ bætir Hrefna við.

„Svo höfum við líka lent í því að víxla óvart vegabréfum í Leifsstöð,“ segir Hrefna. „En við föttuðum það ekki fyrr en við vorum komnar í gegn og það skipti engu máli.“

„Það hefur líka alveg komið fyrir að við þekkjum okkur ekki í sundur á ljósmyndum. Það á aðallega við um gamlar myndir, en það hefur líka komið fyrir með nýjar myndir. Það er pínu vandræðalegt,“ segir Elín.

### Reyna að vera ólíkar í klæðaburði

Aðspurðar hvort þær hafi einhvern tímann reynt að gera tilraun til að vera ólíkar í útliti segir Elín: „Já, ég klippti hárið mitt styttra.“

„Það ætti að auðvelda fólki að þekkja okkur í sundur,“ segir Hrefna.

„En við vinnum reyndar hjá Kjörís og erum með hárnet í vinnunni, þannig að klippingin gerir ekki mikið þar,“ segir Elín og hlær. „En annars reynum við að klæða okkur ólíkt,“ bætir Hrefna við en tekur fram að þær systur séu reyndar með svipaðan fatasmekk.

Spurður hvort þær séu háðar hvor annarri segir Elín: „Ég hugsa að við gætum alveg verið sjálfstæðar ef á myndi reyna. En ég held að Hrefna sé háðari mér heldur en ég henni.“ Hrefna er ósammála og er viss um að Elín sé háð henni en ekki öfugt. „En við skemmtum okkur alltaf best þegar við erum saman,“ segir Elín.


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL
FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM
PREMIUM QUALITY
MADE IN BELGIUM
SINCE 1925
HENSON DESIGN
Gæðarúm í miklu úrvali
Öll sæti og bak stillanlegt
RICCARDO rafstillanlegur tungusófi
BRUNSTAD
Brunstad hvíldarstóll
Öll sæti stillanleg
ISABELLA hægindasófi.
Sjá nánar á lur.is
Stillanleg rúm
Svefnsófar í miklu úrvali og mörgum litum. Nokkrar stærðir í boði.
CALIA ITALIA
CALIA ITALIA
JACOB stóll frá Calia Italia
SITTING VISION hvíldarstólar
Öll sæti stillanleg
ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is
Stillanlegur höfuðpúði
GRACE hægindastóll
ORACOL tungusófi
CALIA ITALIA
BUGATTI ITALY
RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR
VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN
SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16
554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is
LÚR BETRI HVÍLD

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Láru G. Sigurðardóttur




## Um læknadóp

Orðið læknadóp heyrist reglulega í fjölmiðlum; „Læknadóp rokið upp í verði“ eða „Dauði af ofneyslu er oftast vegna læknadóps“. Orðið læknadóp er bæði skrýtið og óheppilegt. Samkvæmt íslenskri orðabók er orðið dóp skilgreint sem eiturlyf. Einnig kemur fram að orðið dóp er vont íslenskt mál og að leitast ætti við að nota eiturlyf í stað þess. Orðið læknadóp ber með sér að hér sé um að ræða sérstök eiturlyf fyrir lækna eða eiturlyf sem læknar dreifa. Með þessum orðskýringum þá eru lyfjafyrirtækin í dópframleiðslu.

Hér er í raun verið að tala um lyf sem er ávísað í þeim tilgangi að lina þjáningar, t.d. sterk verkjalyf og geðlyf. Þessi lyf geta verið blessun fyrir bæði sjúka og aðstandendur þeirra. Ávísun á slík lyf er í samræmi við siðareglur lækna (Codex Ethicus), sem birtast m.a. í ritinu „Góðir starfshættir lækna“ sem gefið er út af Embætti landlæknis en þar kemur skýrt fram að læknir verður að sýna sjúklingi sínum samhygð og gera hugsanlegar ráðstafanir til að lina þjáningar og kvalir, hvort sem lækning er möguleg eða ekki.

Einstaklingar sem misnota þetta kerfi geta verið afbragðsleikarar. Læknar eru ekki í hlutverki rannsóknarlögreglu og hafa ekki menntun til að kryfja framburð sjúklings. Þegar einhver grætur fyrir framan þig af sársauka eða segist ekki hafa sofið í margar nætur vegna bakverkja, þá er erfitt að segja „ég get ekkert fyrir þig gert“ eða „hér vantar óyggjandi sönnunargögn“.

Læknar gera það sem þeir geta, t.d. að fletta upp lyfjasögu viðkomandi, og þeir hafa engan ávinning af ávísun lyfja til fíkla. Því tel ég orðið læknadóp afar óheppilegt og í staðinn er hægt að nota orð eins og vímulyf.








